



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 18. febrúar 2015
Tilvísun: 201502-0012

Efni: Umsögn ASÍ um breytingu á lögum nr. 36/2011. Þingskjal 888 – 511. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, með síðari breytingum (gjaldtaka vegna vatnsþjónustu).

ASÍ setur sig ekki á móti gjaldtöku vegna vatnsþjónustu sem á að standa undir, meðal annars, umhverfis- og auðlindatengdum kostnaði vatnsþjónustunnar.

Eins og fram kemur í athugasemdum við ofangreint lagafrumvarp ná nýtir Íslands sér þá undanþágu sem felst í 4. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB, og fer vægustu leið sem mögulegt er varðandi gjaldtöku.

ASÍ setur sem skilyrði fyrir samþykki sínu um gjaldtöku vegna vatnsþjónustu að gjaldið sem lagt verður á þá notendur sem nýta vatnsauðlinda; vatnsaflsvirkjanir, vatnsveitur og fráveitur, verði ekki innheimt í formi hærri gjalda til almennra notenda þ.e. heimila landsins.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Marianna Traustadóttir,
sérfræðingur

Alþýðusamband Íslands

Sætuúni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2015

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, með síðari breytingum (gjaldtaka vegna vatnsþjónustu), þskj. 888-511. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála (gjaldtaka vegna vatnsþjónustu). Í frumvarpinu er lagt til að komið verði á gjaldtöku á notendur vatns vegna vatnsþjónustu til að mæta kostnaði við framkvæmd laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Gjaldtakan er lögð á vatnsaflsvirkjanir, jarðvarma-virkjanir, hitaveitur, vatnsveitur og fráveitur og skal gjaldið endurpegla nýtingu og álag á vatnsauðlindina. Til efni lagasetningarinnar er því að kveða á um gjaldtöku á þá sem nýta vatnsauðlindina í miklum mæli í samræmi við svokallaðar nytjagreiðslureglu og mengunarbótareglu.

Í frumvarpinu er tekið fram að búast megi við að framangreindir notendur muni innheimta kostnað þann sem hlýst af gjaldtökunni með hækkun gjalda á neytendur rafmagns og vatns. Frumvarpið muni því hafa áhrif á alla notendur rafmagns og vatns og leiða til kostnaðar- auka fyrir almenning og fyrirtæki í landinu.

BSRB varar alvarlega við því að sú gjaldtaka sem frumvarpið kveður á um leiði til hækkana á gjaldskrá til almennings.

Fyrir hönd BSRB



Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri



Alþingi

*Austurstræti 6-8
150 Reykjavík*

Reykholti, 11. mars 2015
1503003 VV

Efni: Tölvuskeyti frá nefndarsviði Alþingis, dags. 9. febrúar 2015; frumvarp til laga um stjórn vatnamála (511. mál).

Byggðráð Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 27. febrúar 2015 og var eftirfarandi bókað við afgreiðslu þess:

Tölvuskeyti frá nefndarsviði Alþingis, dags. 9. febrúar 2015; frumvarp til laga um stjórn vatnamála (511. mál).

Byggðaráð Bláskógabyggðar tekur undir umsögn og athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga um umrætt frumvarp, sem dagsett var þann 18. febrúar 2015.

Þessi afgreiðsla byggðaráðs var síðan staðfest af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 5. mars 2015.

Virðingarfyllst,

Valtýr Valtýsson
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Akureyri 24. febrúar 2015


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, með síðari breytingum (gjaldtaka vegna vatnsþjónustu), 511 mál.

Stjórn Eyþings telur þá skattlagningu á lögbundna almannþjónustu sveitarfélaga sem lögð er til með frumvarpi þessu **með öllu óásættanlega** og eðlilegast sé að ríkissjóður greiði þann kostnað Umhverfisstofnunar sem þessu frumvarpi er ætlað að fjármagna.

Stjórn Eyþings vísar til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga að öðru leyti.

F.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónsson
framkvæmdastjóri

Alþingi
Umhverfis og samgöngunefnd
sent rafrænt á nefndasvid@alhingi.is

Ísafirði 3. mars 2015.

Umsögn um frumvarp til laga um stjórn vatnamála (gjaldtaka fyrir vatnsþjónustu, EES reglur) 511. mál (heildarlög), 144. löggjafarþing.

Stjórn Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) fjallaði um efni frumvarpsins á fundi sínum þann 23. febrúar s.l. og lagði til grundvallar umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 18. febrúar s.l..

Stjórn FV tekur undir afstöðu sambandsins og leggst gegn samþykki frumvarpsins. Jafnframt tekur stjórn FV undir þær ítrekuð ábendingar sambandsins að tekin verði upp að nýju stuðningur ríkisins við fráveituf framkvæmdir sveitarfélaga.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.



Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Alþingi 24.3.2015

Málsnr.: 1501115

Málalykill: 0345

Fljótsdalshéraði, 19. mars 2015
nr. erindis 201502073 ÓPB

Á 19. fundi Umhverfis- og framkvæmdanefndar Fljótsdalshéraðs 11.03.2015 sl., var tekið fyrir neðangreint erindi.

Frumvarp til laga um stjórn vatnamála

Erindi í tölvupósti dagsett 09.02.2015 þar sem Kristjana Benediktsdóttir f.h. Umhverfis- og Samgöngunefndar Alþingis óskar eftir umsögn um frumvarp til laga um stjórn vatnamála 511. mál.


Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdanefnd bendir á að Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur þegar gert athugasemdir við frumvarpið og tekur nefndin undir þær athugasemdir.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Bókun þessi var staðfest af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs, þann 18.03.2015.
Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. Umhverfis- og framkvæmdanefndar


Ómar Þróstur Björgólfsson

ÓMARGARFULLT



Nefndarsvið Alþingis
b/t Umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Borg, 27. febrúar 2015

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um stjórn vatnamála, 511. mál.

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 18. febrúar s.l. var tekin fyrir beiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 9. febrúar 2015 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á frumvarpi til laga um stjórn vatnamála (gjaldtaka fyrir vatnsþjónustu, EES-reglur), 511. mál.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga til umhverfis- og samgöngunefndar, dags. 18. febrúar 2015.

Sveitarstjórn áréttar það sjónarmið að ríkið endurgreiði virðisaukaskatt af fráveituframkvæmdum þannig að sveitarfélög geti sem fyrst lokið nauðsynlegum framkvæmdum. Jafnframt leggst sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eindregið gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar

 SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPS

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri



VATNSVEITA HAFNARFJARÐAR

DJ 23/2 2015

Málsnúmer 1502289

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, með síðari breytingum (gjaldtaka vegna vatnsþjónustu), 511. mál.

Frumvarpið kveður á um nýja gjaldtöku sem leggja skuli á vatnsaflsvirkjanir, jarðvarmavirkjanir, **vatnsveitur**, hitaveitur og **fráveitur**. Umrædd gjaldtaka er sögð til komin vegna kostnaðar við „vatnsþjónustu“, í tengslum við framkvæmd laga um stjórn vatnamála. Á gjaldið einkum að fjármagna aðgerðir Umhverfisstofnunar (gerð vatnaáætlunar – sbr. vatnatilskipun evrópusambands, sbr. 9. mgr. III. kafla athugasemda með frumvarpinu), en í frumvarpinu er einnig fjallað um aukið stjórnsýsluálag á Orkustofnun, sem einkum kemur raunar til vegna umsýslu við innheimtu þessara gjalda (sjá 2. mgr. VI. kafla athugasemda með frumvarpinu).


Þess ber sérstaklega að geta, að hér er verið að leggja til skatt sem að leggst á þjónustugjöld sveitarfélaga (vatnsgjald annarsvegjar og holræsagjald hinsvegjar.) Um þjónustugjöld sveitarfélaga gilda strangar reglur en telja verður að þessi skattur leggist ekki á virðisauka eða verðmætaaukningu heldur verður hann til hækkunar á þjónustugjöldum.

Hvað snertir Vatnsveitu Hafnarfjarðar þá mun þetta gjald nema allt að kr. 324.000 á ári en getur að hámarki orðið kr. 1140.000- fyrir Fráveitu Hafnarfjarðar. Í versta falli verður því þessi gjaldtaka kr. 1464.000- á ári fyrir Hafnfirðinga – líklegast yrði þessi skattur þó samtals á bilinu kr. 700-750.000 á ári, næstu árin.

Það er álit mitt að þau verkefni sem að þessi skattur á að fjármagna séu betur fjármöggnuð af almennu skattfé enda er fyrirséð að kostnaður við álagningu hans og umsýslu verði verulegur eða jafnvel 25-30 % af heildarálagningu.

Samtök íslenskra sveitarfélaga hafa ályktað gegn þessari gjaldtöku og líka Samorka.

Virðingarfyllst,



Dagur Jónsson, vatnsveitustjóri.

Created on 23/02/2015 10:13:00Umsogn um frumvarp vatnagjald

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. febrúar 2015
Tilvísun: 2015020147

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála (gjaldtaka fyrir vatnsþjónustu, EES-reglur), þingskjal nr. 888, mál nr. 511.

Vísað er til tölvubréfs umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 9. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála (gjaldtaka fyrir vatnsþjónustu, EES-reglur), þingskjal 888, mál nr. 511. HER hefur farið yfir frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Þegar lög um stjórn vatnamála voru lögfest á Íslandi árið 2011 var 9. gr. vatnatilskipunarinnar ekki innleidd í lögina en greinin á að tryggja framkvæmd laganna til að bæta þekkingu á vatnsauðlindinni og að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum. Tekin er upp gjaldtaka til þess að styrkja fjárhagsgrundvöll fyrir framkvæmd laganna. Skv. EES-samningnum ber aðildarríkjum að sjá til þess að stefna í verðlagningu vatns verði notendum nægileg hvöt til þess að nýta vatnsauðlindir á hagkvæman hátt og styðja þannig við umhverfismarkmið tilskipunarinnar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lagt verði á árlegt gjald sem endurspeglir nýtingu og álag á vatnsauðlindina. Gert er ráð fyrir að gjaldið verði lagt á veitendur vatnsþjónustunnar sem aftur geti innheimt kostnaðinn af endanlegum notendum. Við útreikning fjárhæða gjaldsins sem gert er ráð fyrir að áður nefndir notendur vatns greiði skuli taka mið af vatnsnotkun þeirra. Samkvæmt frumvarpinu á ríkissjóður að standa undir 1/3 af kostnaði en hin ýmsu svið vatnsnotkunar þ.e. atvinnulíf, heimili og landbúnaður fjármagni 2/3. Hvað varðar þetta gjald veltir HER því fyrir sér hvernig álag á vatnsauðlindina verður metið til fjár. Þar sem gjaldið kemur til með að hafa kostnaðarauka í för með sér fyrir einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög þurfa forsendur að vera vel skilgreindar. Tryggja þarf að gjaldið verði nýtt í að auka þekkingu á vatnsauðlindinni og í framkvæmd laganna um stjórn vatnamála og renni ekki í önnur verkefni.

Þar sem eitt af markmiðum frumvarpsins er að vera notendum hvatning til að nota vatnsauðlindir á hagkvæman hátt er nauðsynlegt að unnt sé að mæla árangur slíks sparnaðar. Það ætti að vera hægt að mæla slíkt hjá flestum stórnotendum en þegar kemur að einstaklingum er það ekki unnt öðruvísi en að setja upp mæla. Að öðrum kosti fæst ekki séð hvernig gjaldtaka ætti að vera einstaklingum hvatning til að umgangast vatnsauðlindir á annan hátt þegar allir borga hvort sem er sama gjaldið.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
verkefnisstjóri

Kristín Lóa Ólafsdóttir
verkefnisstjóri

9. mars 2015

Hér sendist umsögn sveitarstjórnar Hrunamannahrepps vegna frumvarps um stjórn vatnamála sem tekin var fyrir á fundi sveitarstjórnar þann 5. mars. s.l.

1. Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um stjórn vatnamála.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um stjórn vatnamála. Sveitarstjórn tekur undir umsögn og athugasemdir Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið.

Kveðja
JGV

Jón G. Valgeirsson
sveitarstjóri
480-6600
jon@fludir.is

Umsögn til Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis vegna frumvarps til laga um stjórn vatnamála, 511. Mál.
gjaldtaka fyrir vatnsþjónustu, EES reglur.

Erindi nefndarinnar var tekið til umfjöllunar á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 5. Mars 2015.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

Bæjarráð Hveragerðisbæjar mótmælir harðlega þeim áformum sem fram koma í frumvarpinu um að ríkið ætli sér að skattleggja lögbundna almannaþjónustu sem sveitarfélög veita íbúum sínum með rekstri vatns- og fráveitu til að standa straum af þátttöku Íslands í innleiðingu tilskipana vegna EES samningsins.

Það er óásættanlegt að ríkið ætli sér að auka álögur í þessum málaflokki því í raun ætti það frekar að standa myndarlega að stuðningi við þau sveitarfélög sem enn hafa ekki lokið nauðsynlegum fráveituframkvæmdum.

Að ætla að fjármagna kostnað ríkisins vegna tilskipana Evrópusambandsins með álögum á vatns- og fráveitur sveitarfélaga er fráleit hugmynd sem bæjarráð Hveragerðisbæjar ætlast til að verði aldrei að veruleika.

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur
Aldís

Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri Hveragerðisbæjar

Meðfylgjandi er umsögn bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar frá 19. febrúar sl., vegna breytinga á lögum um stjórn vatnamála:

„2015020078 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2015

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.36/2011 um stjórn vatnamála með síðari breytingum (gjaldtaka vegna vatnsþjónustu).

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar tekur undir með Sambandi íslenskra sveitafélaga um að sveitafélög verði ekki fyrir auknum útgjöldum að öðru leyti en því sem næmi þátttöku í gerð vatnssvæðaáætlaða og auknu álagi á stjórnsýslu sveitarfélaga. Enn fremur áréttar bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að stjórnvöld komi aftur að því með sveitarfélögunum að endurnýja frárennsliskerfi og verði komið í viðunandi horf en stjórnvöld hafa ekki komið að þeim málum eftir hrun.“

Virðingarfyllst,
Þórdís



Alþingi
B.t. Kristjana Benediktsdóttir
krb@althingi.is

Kópavogi, 16. mars 2015
1502302/001.01 GGG

Efni: Frumvarp til laga um stjórn vatnamála, 511. mál. Umsögn til alþingis.

Á fundi bæjarráðs 10. febrúar 2015 var á dagskrá bréf umhverfis- og samgöngunefndar alþingis dags. 8. febrúar 2015, þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarpið.

Bæjarráð vísaði erindinu til umhverfissviðs til umsagnar.

Markmið frumvarpsins er að kveða á um gjaldtöku til að standa straum af kostnaði við innleiðingu rammaskipunar ESB um stjórn vatnamála, nr. 2000/60/EB, sem varð að lögum nr. 36/2011.

Það er full ástæða til að vekja athygli á og andmæla nokkrum megin þáttum í frumvarpsdrögunum.

Samband Íslenskra sveitarfélaga tók þátt í vinnu við innleiðingu tilskipunar ESB og var lögð áhersla á það af hálfu sambandsins, að halda kostnaði sveitarfélaga í algeru lágmarki. Í þeirri vinnu var fallist á sjónarmið sambandsins um að Ísland væri ekki skuldbundið til þes að innleiða sérstaklega ákvæði 9. greinar tilskipunarinnar um gjaldtöku fyrir vatnsstjórn.

Frumvarpsdrögin gera þvert á móti ráð fyrir því að nauðsynlegt sé að innleiða 9. grein tilskipunarinnar, án þess að þess sé getið sérstaklega að krafa um lagabreytingar hafi komið frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Því virðist vera ætlunin að nota 9. grein tilskipunarinnar til skálkaskjól, til að láta vatnsveitur og fráveitur sveitarfélaga greiða stærstan hluta af kostnaði Umhverfisstofnunar við gerð vatnaáællunar. Þessu atriði er mótmælt harðlega, enda í hæsta máta eðlilegt að ríkissjóður beri kostnað af afleiðingu þátttöku Íslands í EES samstarfinu.

Svo því sé haldið til haga, þá er öll þjónusta vegna vatnsveitna og fráveitna á vegum sveitarfélaganna, sú þjónusta er á engan hátt á vegum ríkisstofnana.


Nálgun sú sem liggur til grundvallar gjaldtöku skv. frumvarpsdrögunum, er eingöngu til að fjármagna útgjöld Umhverfisstofnunar, en slíkir tilburðir eru fjarri 9. grein tilskipunar ESB.

Því verður ekki unað að ríkisvaldið skattleggi sveitarfélög með þeim hætti, sem frumvarpsdrögin gera ráð fyrir, að því er virðist til þess að standa straum af þátttöku Íslands í EES samningnum. Með öðrum orðum er hér um að ræða sveitarfélögin fjármagni stjórnsýslu ríkisins. Varar undirritaður við hættulegu fordæmi, sem samþykkt þessara frumvarpsdraga hefði í för með sér.

Undirritaður tekur undir og visar að öðru leiti til Ítarlegar umsagnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarpsdrögin, dags. 18. febrúar 2015.

Á fundi bæjarráðs 19. mars 2015 var umsögn þessi samþykkt.

Virðingarfyllt,


Steingrímur Hauksson
sviðsstjóri umhverfissviðs



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23.02.2015
Tilvísun vor: 00.11

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, með síðari breytingum (gjaldtaka vegna vatnsþjónustu), 511. mál

Að beiðni nefndasviðs Alþingis sendir Landsvirkjun umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, með síðari breytingum (gjaldtaka vegna vatnsþjónustu).

Í frumvarpinu er gerð tillaga um að gjald verði lagt á tiltekna aðila til þess að mæta kostnaði Umhverfisstofnunar við stjórn vatnamála vegna innleiðingar á *tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Vatnatilskipun)*¹.

Í frumvarpinu kemur fram að fyrirhuguð gjaldtaka eigi að byggja á 9. gr. Vatnatilskipunarinnar sem fjallar um endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu.

Í 38. tölulið 2. gr. tilskipunarinnar er vatnsþjónusta skilgreind með eftirfarandi hætti:

„Vatnsþjónusta“: öll þjónusta fyrir heimili, opinberar stofnanir og hvers konar atvinnustarfsemi sem fólgin er í:
a) vatnstöku, miðlun, geymslu, hreinsun eða dreifingu yfirborðsvatns eða grunnvatns,
b) söfnun skólps og hreinsun þess í stöðvum sem veita vatninu aftur út í yfirborðsvatn.

Landsvirkjun leggst alfarið gegn framlögðu frumvarpi og telur m.a. að kostnaður Umhverfisstofnunar við stjórn vatnamála falli ekki undir þessa skilgreiningu.

Í 9. grein tilskipunarinnar segir m.a.:

Aðildarríkin skulu taka tillit til meginreglunnar um endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu, þ.m.t. umhverfis- eða auðlindatengdur kostnaður, með hliðsjón af efnahagslegu greiningunni sem gerð er í samræmi við III. viðauka, einkum í samræmi við mengunarbótaregluna.

Eigi síðar en 2010 skulu aðildarríkin sjá til þess:

- að stefna í verðlagningu vatns verði notendum nægileg hvöt til þess að nýta vatnsauðlindir á hagkvæman hátt og styðji þannig við umhverfismarkmið þessarar tilskipunar,*

¹ Vatnatilskipunina í íslenski þýðingu má finna á:

[http://www.vedur.is/media/vatnafar/saga/300L0060_Vatnatilskipun_EB\(2\).pdf](http://www.vedur.is/media/vatnafar/saga/300L0060_Vatnatilskipun_EB(2).pdf)



- *að frá hinum ýmsu sviðum vatnsnotkunar, sem verði sundurliðuð í a.m.k. atvinnulíf, heimili og landbúnað, komi framlag fyrir kostnaði vegna vatnsþjónustu, á grundvelli efnahagslegu greiningarinnar sem gerð var skv. III. viðauka og með tilliti til mengunarbótareglunnar.*

Vegna þessa vill Landsvirkjun koma á framfæri að vatn sem nýtt er í vatnsorkuverum til raforkuvinnslu getur ekki verið viðfangsefni mengunarbótareglunnar sem vitnað er til í tilvitnaðri 9. gr. Það getur einungis verið viðfangsefni nytjagreiðslureglunnar, en vatn sem nýtt eru í vatnsorkuverum er þó að því leyti sérstakt að það getur orkað tvímælis að tala um að vatnið sé notað a.m.k. samanborið við aðra vatnsnotkun. Vatnsorkuverin nýta fallorku vatnsins en skila vatninu sjálfu í farveg sinn aftur. Fyrir þessa þjónustu, notkun á auðlindinni, greiða orkufyrirtæki fyrir vatnsréttindi. Vegna vatnsorkuvera er því þegar greiddur „auðlindatengdur kostnaður“ eins og gert er ráð fyrir í 9. gr. tilskipunarinnar.

Afleiðingar þess að miðla vatni og veita vatni úr farvegi sínum til virkjunar geta verið umhverfisáhrif sem viðkomandi fyrirtæki þurfa að bæta fyrir með einum eða öðrum hætti. Þau munu þurfa að fara í gegnum mat á því hvort breytingar sem virkjanir valda á vatnakerfum séu ásættanlegar í skilningi vatnatilskipunarinnar eða hvort fara þurfi í mat til skráningar sem mikið breytt vatnshlot. Landsvirkjun hefur þegar hafið gagnaöflun og úrvinnslu í því skyni og gerir ráð fyrir að slíkt verði á kostnað hennar hér eftir sem hingað til. Fyrirtækið ver miklum fjármunum á ári hverju til mælinga á vatni, vöktunar vatnsfalla, fiskirannsóknna, aurburðarrannsóknna o.fl. sem og úrvinnslu gagna. Umhverfisstofnun hefur þegar verið boðin aðgangur að þessum gögnum til að nota í vöktunaráætlanir.

Jarðvarmavirkjanir starfa samkvæmt starfsleyfum sem gefin eru út af heilbrigðiseftirliti. Í þeim er kveðið á um vöktun og ber Landsvirkjun eðlilega kostnað af henni. Auk þeirra krafna sem eru í starfsleyfi sinnir fyrirtækið margvíslegum mælingum og vöktun á jarðhitasvæðunum sem eru nýtt eða áformað er að nýta. Verulegur kostnaður er samfara þessu auk þess sem greitt er fyrir eftirlit. Með sama hætti og fyrir nýtingu á vatnsorku er greitt fyrir jarðhitaréttindi („auðlindatengdur kostnaður“).

Samkvæmt 4. tölul. 9. gr. tilskipunarinnar er ríkjum frjálst að undanskilja ákveðnar þjónustur frá gjaldtöku. Því til stuðnings er vert að nefna dóm Evrópuðómstólsins í máli C-525/12. Í því máli kemur skýrt fram að ríki telst uppfylla skyldur sínar eftir 9. gr. tilskipunarinnar þrátt fyrir að undaskilja þjónustur eins og vatnsorkuver. Sú staðhæfing sem er að finna í fyrirbyggjandi frumvarpi að umrædd gjaldtaka sé nauðsynleg til að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar á því ekki við rök að styðjast.

Í kafla V. *Samráð* í greinargerð með frumvarpinu segir um fund sem haldinn var í september 2014:

... Starfsleyfisskyld fyrirtæki sem nota mikið vatn og losa mikið í frárennsli væru skyldug samkvæmt starfsleyfi til að mæla ýmsa þætti í vatni. Þessi gögn hafa og munu nýtast við vöktun samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Sum þeirra hafa auk þess afhent gögn sem þau hafa safnað til eigin nota og þannig kosta þau hluta þeirra rannsóknna sem þarf til að uppfylla markmið laganna. Auk þessa hefur komið fram að stjórnvöld sjái fyrir sér að í framtíðinni muni kröfur um mælingar hjá fyrirtækjum í auknum mæli taka mið af því hvaða gögn þarf vegna vöktunar samkvæmt lögnum. Þannig var bent á að fyrirsjáanlegt væri að fyrirtæki bæru aukinn kostnað vegna laganna í gegnum starfsleyfi. Í ljósi þessa teldu samtök iðnaðarins því ósanngjarnt að starfsleyfisskyld fyrirtæki væru rukkuð umfram önnur fyrirtæki, stofnanir, íbúakjarna o.s.frv. Ráðuneytið féllst á þessi rök og féll frá því að gjald yrði lagt á starfsleyfishafa mengandi atvinnurekstrar...



Landsvirkjun telur að til að jafnræðis sé gætt hefði jafnframt átt að falla frá gjaldtöku á orkuvinnslufyrirtæki sem með sama hætti sinna mælingum og vöktun ýmist vegna krafna í starfsleyfum, mótvægisáðgerðum skv. mati á umhverfisáhrifum eða af öðrum ástæðum til að fylgjast með starfsemi sinni og áhrifum hennar á yfirborðsvatn og grunnvatn. Í þessu sambandi er ítrekað að Landsvirkjun hefur boðið aðgang að mælingum sem nýta má við vöktun samkvæmt lögnum um stjórn vatnamála.

Landsvirkjun telur að með þessari vinnu og margvíslegu ótöldu eftirliti m.a. með lífríki í ám og vötnum, vatnamælingum, efnavöktun o.fl. í vatnshlotum sem fyrirtækið nýtir að framlag hennar sé verulegt til fylgjast með og eftir atvikum bæta úr neikvæðum áhrifum til að ná þeim umhverfismarkmiðum sem tilskipunin byggir á.

Nytjagreiðslureglan byggir á því að þeir sem nýta náttúruauðlindirnar sér til ávinnings greiði þann kostnað sem hlýst af verndun og viðhald þessara auðlinda. Eins og áður segir hefur Landsvirkjun boðið aðgang að mælingum sem nýtast við vöktun samkvæmt lögnum um stjórn vatnamála. Með þeim gögnum og ofantöldu framlagi til umhverfismarkmiða tekur Landsvirkjun nú þegar þátt í kostnaði við verndun og viðhald auðlindarinnar án þess að umrætt gjald komi til.

Landsvirkjun hafnar gjaldtöku á fyrirtækið á þeim forsendum sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og hvetur atvinnuveganefnd til að mæla gegn samþykkt þess.

Samorka hefur sent umsögn dags. 18. febrúar 2015 um frumvarpið og tekur Landsvirkjun undir þær athugasemdir sem þar eru gerðar og snúa að rangri túlkun á Evróputilskipun og rangri túlkun og beitingu á nytjagreiðslureglunni og mengunarbótareglunni.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri

Mosfellsbær tekur heilshugar undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna frumvarps til laga um gjalddöku vegna vatnamála, sjá meðfylgjandi skjal.

Tekið er undir sjónarmið ráðuneytis um að vinna Umhverfisstofnunar við vatnamál í samræmi við útgefna áfanga- og verkáætlun sé mjög mikilvæg enda hefur sveitarfélagið Mosfellsbær tekið virkan þátt í þeirri vinnu. Það er hins vegar ótækt að ríkið ætli að fjármagna rekstur ríkisstofnunar með álagningu nýs skatts á útsvarsgreiðendur sveitarfélaga í gegnum vatns- og fráveitugjöld þeirra. Beðist er velvirðingar á því að umsögnin berist

Kveðja,

Jóhanna Björg Hansen
Framkvæmdastjóri umhverfissviðs Mosfellsbæjar
Kjarna, Þverholti 2 Mosfellsbæ
Sími 5256700



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. febrúar 2015

1502011SA GB
Málalykill: 400

Efni: Umsögn um frv. til laga um stjórn vatnamála, 511. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 9. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um ofangreint mál.

Almennt um frumvarpið

Markmið frumvarpsins er að kveða á um gjaldtöku til að standa straum af kostnaði við innleiðingu rammatilskipunar ESB um stjórn vatnamála, nr. 2000/60/EB, sem leidd var í lög hér á landi með lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Samband íslenskra sveitarfélaga tók þátt í vinnu við innleiðingu umræddrar tilskipunar og var lögð á það áhersla af hálfu sambandsins að halda kostnaði sveitarfélaga í algeru lágmarki.

Í þessari vinnu var m.a. fallist á það sjónarmið lögfræðinga sambandsins að Ísland væri ekki skuldbundið til þess að innleiða sérstaklega ákvæði 9. gr. tilskipunarinnar um gjaldtöku fyrir vatnsstjórn. Er sérstaklega gerð athugasemd við það af hálfu sambandsins að það frumvarp sem nú er lagt fram sé byggt á því að nauðsynlegt sé að innleiða 9. gr. tilskipunarinnar en í skýringum við frumvarpið er hvergi tilgreint að krafa um lagabreytingar hafi komið fram frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Fremur virðist vera ætlunin að nota umrætt ákvæði tilskipunarinnar sem skálkaskjól til að láta vatnsveitur og fráveitur sveitarfélaga greiða stærstan hluta af kostnaði Umhverfisstofnunar við gerð vatnaáætlunar. Þessu hljóta sveitarfélögin að mótmæla harðlega.

Rétt þykir að áréttu að markmið 9. gr. tilskipunarinnar er að stefna aðildarríkja í verðlagningu vatns sé notendum nægileg hvöt til að nýta vatnsauðlindir á hagkvæman hátt sem styðji þannig við umhverfismarkmið tilskipunarinnar. Ljóst má vera að skattlagning sú sem lögð er til í frumvarpinu stuðlar á engan hátt að því markmiði enda hefur hún óveruleg áhrif á reikninga sem notendur veitnanna greiða. Sambandið hefur hins vegar miklar áhyggjur af því fordæmi sem gæti falist í slíkri lagasetningu og bendir jafnframt á að sú skattlagning mun fyrst og fremst renna til þess að fjármagna rannsóknir á vatnshlotum sem greiðendur skattsins eru ekki að nýta til vatnspjónustu.

Af hálfu sambandsins er talið eðlilegast að líta svo á að sá stjórnsýslukostnaður sem Umhverfisstofnun verður fyrir vegna tilskipunarinnar sé kostnaður sem íslenskra ríkið þurfi sjálft að taka á sig enda er hann afleiðing af þátttöku Íslands í EES-samstarfinu. Sambandið telur jafnframt eðlilegt og auðleysanlegt að litlum hluta af tekjum ríkissjóðs vegna álagningar umhverfis- og auðlindaskatta, sbr. lög nr. 129/2009, verði ráðstafað til að fjármagna þetta lögbundna verkefni Umhverfisstofnunar.



Hugtakið vatnsþjónusta og efnahagsleg greining að baki gjaldtöku

Í frumvarpinu er byggt á því að tilskipunin veiti aðildarríkjum heimild til þess að skattleggja vatnsþjónustu, sem er í 1. gr. skilgreind svo:

Öll þjónusta fyrir heimili, opinberar stofnanir og hvers konar atvinnustarfsemi sem fólgin er í:

- a. vatnstöku, miðlun, geymslu, hreinsun eða dreifingu yfirborðsvatns eða grunnvatns,
- b. söfnun skólps og hreinsun þess í stöðvum áður en skólpinu er veitt aftur út í viðtaka.

Þetta er lýsing á þeirri þjónustu sem almenningsveitur veita íbúum sveitarfélaga. Þetta er ekki lýsing á neinni þjónustu sem Orkustofnun eða Umhverfisstofnun veitir. Orku- og veitufyrirtækin innheimta gjöld af sínum viðskiptavinum fyrir þessa þjónustu / vöru. Þar er á ferðinni gjaldtaka vegna vatnsþjónustu. Þetta frumvarp fjallar um gjaldtöku vegna vatnsþjónustu, en þó ekki um þá þjónustu sem þarna er lýst í tilskipuninni sem frumvarpið er sagt byggja á.

Um þetta atriði segir m.a. í tilskipuninni, í 38. lið aðfararorða:

Beiting aðildarríkjanna á efnahagslegum stjórnækjum kann að vera viðeigandi sem hluti af áætlun um ráðstafanir. Taka ber tillit til meginreglunnar um endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu, að meðtöldum umhverfis- eða auðlindatengdum kostnaði vegna tjóns eða skaðlegra áhrifa á vatn, einkum mengunarbótareglunnar. Efnahagsleg greining á vatnsþjónustu, sem byggist á langtímaspám um framboð og eftirspurn eftir vatni á vatnasviðaumdæminu, er nauðsynleg í þessu skyni.

Í III. viðauka við tilskipunina kemur fram að til grundvallar gjaldtöku skv. 9. gr. tilskipunarinnar skuli liggja efnahagsleg greining. Í efnahagslegu greiningunni skulu vera nægar upplýsingar og nægilega nákvæmar til þess að:

a) gera viðkomandi útreikninga, sem eru nauðsynlegir með tilliti til meginreglunnar um endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu, skv. 9. gr., með tilliti til langtímaspár um framboð og eftirspurn eftir vatni á vatnasviðaumdæminu og, ef nauðsyn krefur:

— mat á umfangi, verði og kostnaði í tengslum við vatnsþjónustu og

— mat á tilheyrandi fjárfestingum, þ.m.t. spár um slíkar fjárfestingar,

b) meta, út frá mati á hugsanlegum kostnaði vegna slíkra ráðstafana, hagkvæmstu samsetningu ráðstafana, að því er varðar vatnsnotkun, sem taka má inn í áætlun um ráðstafanir skv. 11. gr.

Ljóst er af framansögðu að sú nálgun sem liggur til grundvallar gjaldtöku skv. frumvarpinu, sem er eingöngu til að fjármagna útgjöld Umhverfisstofnunar, er mjög fjarri þeirri hugsun sem fram kemur í tilskipuninni. Verður að líta svo á að tilgangur gjaldtöku skv. 9. gr. tilskipunarinnar sé sá að stuðla að sjálfbærri notkun vatnsauðlindarinnar og tryggja nægt framboð á vatni til framtíðar litið, þ.e. ekki til að fjármagna stjórnsýslu sem aðildarríki verða fyrir vegna



tilskipunarinnar. Þá skal bent á að engin efnahagsleg greining liggur til grundvallar því frumvarpi sem hér er til umsagnar.

Sambandið áréttar því það sem segir í inngangi þessarar umsagnar, að engin krafa hefur verið gerð á íslenska ríkið um að taka upp gjaldtöku skv. 9. gr. tilskipunarinnar enda hljóðar 4. töluliður 9. gr. tilskipunarinnar þannig:

Aðildarríkin teljast ekki brjóta í bága við þessa tilskipun ef þau ákveða, í samræmi við venjur, að beita ekki ákvæðum annars málsliðar 1. mgr., og í því skyni viðeigandi ákvæðum 2. mgr., við tiltekna starfsemi er krefst vatnsnotkunar ef það stefnir ekki tilgangi og markmiðum tilskipunarinnar í hættu. Ef aðildarríkin beita ekki öðrum málslið 1. mgr. að fullu í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi skulu þau gera grein fyrir ástæðunum fyrir því.

Almannaþjónusta skattlögð

Ekki er hægt að una því af hálfu sveitarfélaga að ríkið skattleggi lögbundna almannaðjónustu sem sveitarfélög veita íbúum sínum með rekstri vatns- og fráveitna til að standa straum af þátttöku Íslands í EES-samningnum. Um er að ræða hættulegt fordæmi sem sambandið hefur andmælt á öllum stigum málsins, eins og nánar er rakið í skýringum með frumvarpinu og áréttað í fylgiskjali 1, sem er umsögn um áhrif frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga.

Sá kostnaður sem lagt er til að fráveitur sveitarfélaga beri kemur til viðbótar kostnaði sem sveitarfélög bera nú þegar vegna uppbyggingar og rekstrar fráveitna. Ljóst er að þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist vegna EES-samningsins um kröfur til fráveitna hafa aukið útgjöld sveitarfélaga og þótt ástand fráveitumála sé ágætlega viðunandi allvíða á landinu er mikið verk óunnið við að ná markmiðum fráveitutilskipunarinnar um fullnægjandi hreinsun skólps um allt land, sérstaklega í fámennari byggðarlögum. Augljóst er að áframhaldandi fráveituframkvæmdir eru mikilvægur liður í því að draga úr álagi á vatnsauðlindina og felst mikil þversögn í því að líta á starfsemi fráveitna sem mögulegt skattandlag fyrir ríkissjóð.

Af hálfu sveitarfélaga hefur verið kallað eftir stuðningi ríkisins við fráveituframkvæmdir, svo sem með því að endurgreiða virðisaukaskatt vegna fráveituframkvæmda. Ekki hefur enn reynst vilji til þess að bregðast við þessum óskum sveitarfélaga. Samband íslenskra sveitarfélaga kallar eftir því að ríkið og löggjafinn styðji sveitarfélögin til þess að ljúka nauðsynlegum framkvæmdum og falli jafnframt frá hugmyndum um skattlagningu á fráveitur.

Sömu sjónarmið og að framan greinir eiga í meginatriðum einnig við um skattlagningu vatnsveitna, sem eru lögbundið verkefni sveitarfélaga í þéttbýli.

Sveitarfélögin fjármagni stjórnsýslu ríkisins!

Áður en þetta frumvarp kom fram hafði fjármagn til Umhverfisstofnunar vegna umsýslu við framkvæmd laga um stjórn vatnamála þegar verið skorið verulega niður. Af þeirri ástæðu hefur Umhverfisstofnun hægt mjög á vinnu við gerð vöktunaráætlunar miðað við þann tíma sem gert er ráð fyrir í lögum um stjórn vatnamála.



Að áliti Sambands Íslenskra sveitarfélaga felur frumvarpið í sér hættulegt fordæmi og treystir sambandið á það að löggjafinn fallist ekki á það að ríkið sendi sveitarfélögum reikninginn, á þann hátt sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, vegna sérfræðivinnu sem ríkið ber sjálft ábyrgð á að inna af hendi vegna alþjóðlegra skuldbindinga. Ef löggjafinn hleypir þessu máli í gegn óbreyttu má allt eins vænta þess að svipaðar leiðir verði fetaðar með alls konar verkefni sem unnin eru á grundvelli EES-samningsins og annarra alþjóðlegra skuldbindinga.

Sambandinu hugnast ekki heldur að í frumvarpinu eru gefin fyrirheit um að sú tekjuöflun sem lögð er til í frumvarpinu, sem nemur alls 55 milljónum króna á ári, muni hækka í framtíðinni. Tekið er fram í skýringum með frumvarpinu að endurmeta þurfi „kostnaðarþátttöku notenda“ árið 2017 og að meta þurfi heildarkostnað vöktunar sem komi inn í nokkrum skrefum og fyrrnefnda kostnaðarþátttöku um leið. Augljóst er að þessir gjaldstofnar, verði þeir leiddir í lög, munu hækka á komandi árum. Engin trygging er hins vegar fyrir því að þessum fjármunum verði ráðstafað til þess almenna samfélagslega verkefnis sem vatnastjórnunaráætlunin er, heldur má allt eins vænta þess að við gerð fjárlaga verði þessum tekjum ríkisins að hluta eða jafnvel öllu leyti ráðstafað til annarra og óskyldra verkefna.

Ójafnræði

Sambandið bendir að auki á að verulegt misræmi er í því að ætla vatns- og hitaveitum annars vegar og fráveitum hins vegar að greiða nánast jafnháan hluta af heildarskattlagningu eins og vatnsafls- og jarðhitavirkjunum. Ljóst er að tekjur rekstraraðila af þessari starfsemi eru mjög ólíkar. Af rekstri almenningsveitna er almennt nánast engin framlegð enda er sá rekstur fjármagnaður með þjónustugjöldum sem er ætlað að standa undir kostnaði en ekki skila eigendum hagnaði. Hagnaður af rekstri virkjana getur á hinn bóginn verið mjög mikill.

Fráveitur og vatnsveitur sveitarfélaga þurfa í rekstri sínum að vakta ástand vatns og viðtakarannsóknir vegna fráveitna, sem eru mikilvæg gögn sem nýtast vel við stjórn vatnamála. Þessar almenningsveitur verða þannig þegar fyrir kostnaði vegna vöktunar og er ekki tilefni til að bæta á þær frekari útgjöldum af hálfu löggjafans.

Sambandið vill einnig benda á að við gerð frumvarpsins var fallist á það sjónarmið fulltrúa atvinnulífsins að það myndi leiða til of flókinnar skattheimtu að leggja skatt á fyrirtæki sem nota vatn í sinni starfsemi. Ýmis dæmi eru þó um fyrirtæki sem hafa mikil not af vatnsauðlindinni en munu ekki verða óbeinir greiðendur á grundvelli þeirrar lagabreytingar sem hér er til umsagnar. Má þar sérstaklega benda á fiskeldisfyrirtæki, sem geta í mörgum tilvikum valdið verulegu álagi á vatnsauðlindina, s.s. með sjókváeldi.

Afturvirk skattlagning

Sambandið tekur undir athugasemd Samorku þess efnis að frumvarpið gerir ráð fyrir að orku- og veitufyrirtækin greiði gjaldið í ríkissjóð 1. apríl ár hvert, á grundvelli rauntalna vegna liðins árs (4. mgr. 2. gr.). Þá er gert ráð fyrir að



lögin öðlist þegar gildi (3. gr.), utan að gjaldtaka á fráveitur hefjist ekki fyrr en árið 2016. Hér er sem sagt kveðið á um að raforkuframleiðendur, hitaveitur og vatnsveitur greiði þetta gjald þegar 1. apríl árið 2015, á grunni rauntalna vegna ársins 2014. Það kallast afturvirk skattheimta. Fyrirtækin höfðu engin tækifæri til að innheimta þetta gjald á liðnu ári, enda voru lögin þá ekki til staðar. Ef svo ólíklega vill til að frumvarpið verði að lögum þarf því að fresta gildistökkunni um a.m.k. eitt ár.

Lokaorð

Eins og hér hefur verið rakið allítarlega er það eindregin afstaða Sambands Íslenskra sveitarfélaga að ekki verði unað við þá skattlagningu á almannajónustu sem hér er lögð til heldur beri að fjármagna stjórnsýsluverkefni vegna innleiðingar vatnatilskipunarinnar með framlögum á fjárlögum. Allt frá því að fyrst var byrjað að huga að innleiðingu vatnatilskipunarinnar hefur sambandið lagst gegn auknum álögum á sveitarfélög vegna þeirrar auknu stjórnsýslu sem af henni hlýst.

Sambandið væntir þess að við umfjöllun um málið á Alþingi verði sérstaklega kallað eftir afstöðu ríkisins til þess hvort ekki sé skynsamlegra að auka stuðning við sveitarfélög sem ekki hafa lokið nauðsynlegum fráveituframkvæmdum og þau áform um skattlagningu á almenningsveitur sem hér eru til umsagnar verði jafnframt lögð á hilluna til frambúðar.

Sambandið leggst eindregið gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis,
Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 03. mars 2015
2015020014/42-1-1
TB
jgo/tb

**Frumvarp til laga um stjórn vatnamála (gjaldtaka fyrir vatnsþjónustu, EES-reglur),
511. mál.**

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 9. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, með síðari breytingum (gjaldtaka vegna vatnsþjónustu, EES-reglur), 511. mál.

Í framangreindu frumvarpi er lagt til að leggja gjald á vatnsaflsvirkjanir og jarðvarmavirkjanir, vatnsveitur og hitaveitur og fráveitur í samræmi við nytjagreiðsluregluna og mengunarbótaregluna og í samræmi við vatnatilskipun ESB. Þar segir m.a. að beiting aðildarríkjanna á efnahagslegum stjórnþækjum, einkum mengunarbótareglunnar, kunni að vera viðeigandi sem hluti af áætlun um ráðstöfun og að taka beri tillit til endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu, að meðtöldum umhverfis- og auðlindatengdum kostnaði vegna tjóns eða skaðlegra áhrifa á vatn. Í greinargerð með frumvarpinu er þetta rakið nánar og á hvaða forsendum ákveðið er að fara í gjaldtöku.

Markmið gjaldtökunnar er að fjármagna kostnað Umhverfisstofnunar við framkvæmd laga nr. 36/2011, um stjórn vatnamála og sér hún einnig um innheimtu gjaldsins. Tekjur af gjaldinu munu renna í ríkissjóð, en ein af forsendum gjaldtökunnar er sú að tekjum af gjaldinu verði varið í uppbyggingu og rekstur þess kerfis sem lög nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, boða.

Í greinargerð með frumvarpinu koma fram ýmis sjónarmið er varða gjaldtökuna s.s. að hana beri að taka úr sameiginlegum sjóðum, að ekki sé víst að tekjur skili sér til þeirra mála sem þeim er ætlað og að nægar tekjur séu nú þegar fyrir hendi innan þess geira sem löggin taka til. Í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins segir m.a. að það samræmist ekki vatnatilskipuninni, en þar er kveðið á um að aðildarríkin skuli taka tillit til meginreglunnar um endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu, þ.m.t. umhverfis- eða auðlindatengds kostnaðar. Þ.e. að ríkið greiði líka hluta af kostnaði ekki bara neytendur.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við gjaldtökuna sem slíka né í hvað hún á að renna. Í frumvarpinu er hins vegar tvennt sem Náttúrufræðistofnun telur ástæðu til að gera athugasemd við. Í frumvarpinu kemur hvergi fram að tekjur af gjaldtökunni skuli renna



óskertar til málaflokksins og í öðru lagi kemur hvergi fram að aðrar stofnanir en Umhverfisstofnun hafi og muni bera kostnað af lögum um stjórn vatnamála.

Í 10 gr. laga um stjórn vatnamála segir: *Veðurstofa Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veiðimálastofnun og [Hafrannsóknastofnun]¹⁾ leggja fram gögn og sérfræðiþekkingu við framkvæmd laga þessara. Um nánari tilhögun þessa samstarfs fer eftir samningum sem Umhverfisstofnun annast við framantaldar stofnanir samkvæmt reglugerð²⁾ sem ráðherra setur.*

Umhverfisstofnun semur við Veðurstofu Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veiðimálastofnun og [Hafrannsóknastofnun]¹⁾ um einstök verk við framkvæmd laga þessara, og getur jafnframt samið við aðra um að vinna slík verk. Ráðherra setur nánari reglur um slíka samninga í reglugerð.

Náttúrufræðistofnun vill koma því á framfæri að enn hefur ekki verið samið við stofnunina um þau mál sem hana geta varðað s.s. vegna vernd vistkerfa sem eru háð vatni og vegna mats á verndargildi þeirra. Samið hefur verið við aðrar stofnanir eftir því sem Náttúrufræðistofnun er kunnugt. Af þessum sökum vill Náttúrufræðistofnun að það sé tekið sértaklega fram við afgreiðslu á framangreindu frumvarpi (í nefndaráliti eða með öðrum hætti) að tekjur vegna gjaldtökkunnar eigi einnig að renna til annarra stofnana/aðila sem bera kostnað vegna framkvæmd laga um stjórn vatnamála. Það getur sýnst að hér sé um óþarfa varkárni að ræða af hálfu Náttúrufræðistofnunar, lagatexti laga nr. 36/2011 eigi að nægja, en að fenginni reynslu telur stofnunin vissara að þetta atriði sé tekið skýrt fram við afgreiðslu frumvarpsins.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson



Alþingi - Nefndasvið
umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. mars 2015
Tilvísun: 2015020028/50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Endurskoðuð umsögn Orkustofnunar um frumvarp til breytingu á lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála

Orkustofnun vísar til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 9. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um ofangreint mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér frumvarpið, þar sem m.a. kemur fram í 2. gr. þess að Orkustofnun skuli fyrir 1. mars ár hvert veita Umhverfisstofnun upplýsingar um nýtingu rafmagnsframleiðenda, vatnsveitna og hitaveitna þar sem vatnstaka er að jafnaði yfir 30 lítrum á sekúndu.

Við undirbúning frumvarps þessa gerði Orkustofnun, að beiðni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins áætlun um það viðbótar vinnuálag og kostnað er fylgja myndi árlegri afhendingu gagna Orkustofnunar um vinnslu á ferskvatni og jarðhitavatni til Umhverfisstofnunar, er nýta myndi þær upplýsingar sem grundvöll að gjaldstofni vegna framkvæmdar á lögum um stjórn vatnamála.

Fram kom að aukið vinnuálag og kostnaður Orkustofnunar tengist þremur þáttum. Í fyrsta lagi þyrfti aukna eftirfylgni um tímanleg skil fyrir ákveðinn tíma árlega frá öllum aðilum, sem veldur tímabundnu álagi, en þeir eru af stærðarþrepinu 100 talsins í ferskvatnstöku og 250 í nýtingu jarðhitavats. Þá þyrfti aukið eftirlit með gæðum gagna og með því að rétt sé talið fram, þegar umræddar upplýsingar eru orðnar að gjaldstofni. Ferðakostnaður félli til og stofnkostnaður vegna mælitækja auk aukinnar umsýslu vegna kærumála frá gjaldendum.

Samkvæmt minnisblaði sem Orkustofnun vann þegar gjaldtaka vegna laga um stjórn vatnamála var síðast til meðferðar fyrir 2 árum er munur á því frumvarpinu sem hér um ræðir og fyrri hugmyndum gagnvart kostnaði Orkustofnunar, Gjaldmörk eru hærri sem þýðir færri aðilar til að hafa eftirlit með. Einnig er spurning hvort gera eigi ráð fyrir ferða- og tækjakostnaði eða umsýslu vegna kærumála

Kostnaður við aukna eftirfylgni um tímanleg skil á gögnum var metinn 5,9 m.kr. og við aukið eftirlit með gæðum gagna og réttum upplýsingum 1,8 m.kr., samtals 7,7 m.kr. Í ljósi þess að gjaldmörk eru hærri núna (færri aðilar) og að gögnin tengjast eftirliti með auðlindanýtingu, þá er ekki óeðlilegt að miða við helming af þeirri upphæð. Auka þyrfti skv. því fjárveitingu til Orkustofnunar um a.m.k. 3,8 m.kr. til að standa undir skyldum skv. frumvarpinu en ekki nálægt 9,5 milljónum kr. á ári eins og upphaflega var áætlað og fram kom í umsögn stofnunarinnar þann 12. febrúar sl. sem hér með er dregin til baka.

Orkustofnun bendir á að tryggja þurfi fjármagn til stofnunarinnar í samræmi við ofanritað verði frumvarpið að lögum.

Virðingarfyllt
f. h. orkumálastjóra



Skúli Thoroddsen



Hannes Arnórsson



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. febrúar 2015

1502011SA GB
Málalykill: 400

Efni: Umsögn um frv. til laga um stjórn vatnamála, 511. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 9. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um ofangreint mál.

Almennt um frumvarpið

Markmið frumvarpsins er að kveða á um gjaldtöku til að standa straum af kostnaði við innleiðingu rammatilskipunar ESB um stjórn vatnamála, nr. 2000/60/EB, sem leidd var í lög hér á landi með lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Samband Íslenskra sveitarfélaga tók þátt í vinnu við innleiðingu umræddrar tilskipunar og var lögð á það áhersla af hálfu sambandsins að halda kostnaði sveitarfélaga í algeru lágmarki.

Í þessari vinnu var m.a. fallist á það sjónarmið lögfræðinga sambandsins að Ísland væri ekki skuldbundið til þess að innleiða sérstaklega ákvæði 9. gr. tilskipunarinnar um gjaldtöku fyrir vatnsstjórn. Er sérstaklega gerð athugasemd við það af hálfu sambandsins að það frumvarp sem nú er lagt fram sé byggt á því að nauðsynlegt sé að innleiða 9. gr. tilskipunarinnar en í skýringum við frumvarpið er hvergi tilgreint að krafa um lagabreytingar hafi komið fram frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Fremur virðist vera ætlunin að nota umrætt ákvæði tilskipunarinnar sem skálkaskjól til að láta vatnsveitur og fráveitur sveitarfélaga greiða stærstan hluta af kostnaði Umhverfisstofnunar við gerð vatnaáætlunar. Þessu hljóta sveitarfélögin að mótmæla harðlega.

Rétt þykir að áréttu að markmið 9. gr. tilskipunarinnar er að stefna aðildarríkja í verðlagningu vatns sé notendum nægileg hvöt til að nýta vatnsauðlindir á hagkvæman hátt sem styðji þannig við umhverfismarkmið tilskipunarinnar. Ljóst má vera að skattlagning sú sem lögð er til í frumvarpinu stuðlar á engan hátt að því markmiði enda hefur hún óveruleg áhrif á reikninga sem notendur veitnanna greiða. Sambandið hefur hins vegar miklar áhyggjur af því fordæmi sem gæti falist í slíkri lagasetningu og bendir jafnframt á að sú skattlagning mun fyrst og fremst renna til þess að fjármagna rannsóknir á vatnshlotum sem greiðendur skattsins eru ekki að nýta til vatnspjónustu.

Af hálfu sambandsins er talið eðlilegast að líta svo á að sá stjórnsýslukostnaður sem Umhverfisstofnun verður fyrir vegna tilskipunarinnar sé kostnaður sem Íslenskra ríkið þurfi sjálft að taka á sig enda er hann afleiðing af þátttöku Íslands í EES-samstarfinu. Sambandið telur jafnframt eðlilegt og auðleysanlegt að litlum hluta af tekjum ríkissjóðs vegna álagningar umhverfis- og auðlindaskatta, sbr. lög nr. 129/2009, verði ráðstafað til að fjármagna þetta lögbundna verkefni Umhverfisstofnunar.



Hugtakið vatnsþjónusta og efnahagsleg greining að baki gjaldtöku

Í frumvarpinu er byggt á því að tilskipunin veiti aðildarríkjum heimild til þess að skattleggja vatnsþjónustu, sem er í 1. gr. skilgreind svo:

Öll þjónusta fyrir heimili, opinberar stofnanir og hvers konar atvinnustarfsemi sem fólgin er í:

- a. vatnstöku, miðlun, geymslu, hreinsun eða dreifingu yfirborðsvatns eða grunnvatns,
- b. söfnun skólps og hreinsun þess í stöðvum áður en skólpinu er veitt aftur út í viðtaka.

Þetta er lýsing á þeirri þjónustu sem almenningsveitur veita íbúum sveitarfélaga. Þetta er ekki lýsing á neinni þjónustu sem Orkustofnun eða Umhverfisstofnun veitir. Orku- og veitufyrirtækin innheimta gjöld af sínum viðskiptavinum fyrir þessa þjónustu / vöru. Þar er á ferðinni gjaldtaka vegna vatnsþjónustu. Þetta frumvarp fjallar um gjaldtöku vegna vatnsþjónustu, en þó ekki um þá þjónustu sem þarna er lýst í tilskipuninni sem frumvarpið er sagt byggja á.

Um þetta atriði segir m.a. í tilskipuninni, í 38. lið aðfararorða:

Beiting aðildarríkjanna á efnahagslegum stjórnækjum kann að vera viðeigandi sem hluti af áætlun um ráðstafanir. Taka ber tillit til meginreglunnar um endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu, að meðtöldum umhverfis- eða auðlindatengdum kostnaði vegna tjóns eða skaðlegra áhrifa á vatn, einkum mengunarbótareglunnar. Efnahagsleg greining á vatnsþjónustu, sem byggist á langtímaspám um framboð og eftirspurn eftir vatni á vatnasviðaumdæminu, er nauðsynleg í þessu skyni.

Í III. viðauka við tilskipunina kemur fram að til grundvallar gjaldtöku skv. 9. gr. tilskipunarinnar skuli liggja efnahagsleg greining. Í efnahagslegu greiningunni skulu vera nægar upplýsingar og nægilega nákvæmar til þess að:

a) gera viðkomandi útreikninga, sem eru nauðsynlegir með tilliti til meginreglunnar um endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu, skv. 9. gr., með tilliti til langtímaspár um framboð og eftirspurn eftir vatni á vatnasviðaumdæminu og, ef nauðsyn krefur:

— mat á umfangi, verði og kostnaði í tengslum við vatnsþjónustu og

— mat á tilheyrandi fjárfestingum, þ.m.t. spár um slíkar fjárfestingar,

b) meta, út frá mati á hugsanlegum kostnaði vegna slíkra ráðstafana, hagkvæmstu samsetningu ráðstafana, að því er varðar vatnsnotkun, sem taka má inn í áætlun um ráðstafanir skv. 11. gr.

Ljóst er af framansögðu að sú nálgun sem liggur til grundvallar gjaldtöku skv. frumvarpinu, sem er eingöngu til að fjármagna útgjöld Umhverfisstofnunar, er mjög fjarri þeirri hugsun sem fram kemur í tilskipuninni. Verður að líta svo á að tilgangur gjaldtöku skv. 9. gr. tilskipunarinnar sé sá að stuðla að sjálfbærri notkun vatnsauðlindarinnar og tryggja nægt framboð á vatni til framtíðar litið, þ.e. ekki til að fjármagna stjórnsýslu sem aðildarríki verða fyrir vegna



tilskipunarinnar. Þá skal bent á að engin efnahagsleg greining liggur til grundvallar því frumvarpi sem hér er til umsagnar.

Sambandið áréttar því það sem segir í inngangi þessarar umsagnar, að engin krafa hefur verið gerð á íslenska ríkið um að taka upp gjaldtöku skv. 9. gr. tilskipunarinnar enda hljóðar 4. töluliður 9. gr. tilskipunarinnar þannig:

Aðildarríkin teljast ekki brjóta í bága við þessa tilskipun ef þau ákveða, í samræmi við venjur, að beita ekki ákvæðum annars málsliðar 1. mgr., og í því skyni viðeigandi ákvæðum 2. mgr., við tiltekna starfsemi er krefst vatnsnotkunar ef það stefnir ekki tilgangi og markmiðum tilskipunarinnar í hættu. Ef aðildarríkin beita ekki öðrum málslið 1. mgr. að fullu í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi skulu þau gera grein fyrir ástæðunum fyrir því.

Almannajónusta skattlögð

Ekki er hægt að una því af hálfu sveitarfélaga að ríkið skattleggi lögbundna almannajónustu sem sveitarfélög veita íbúum sínum með rekstri vatns- og fráveitna til að standa straum af þátttöku Íslands í EES-samningnum. Um er að ræða hættulegt fordæmi sem sambandið hefur andmælt á öllum stigum málsins, eins og nánar er rakið í skýringum með frumvarpinu og áréttað í fylgiskjali 1, sem er umsögn um áhrif frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga.

Sá kostnaður sem lagt er til að fráveitur sveitarfélaga beri kemur til viðbótar kostnaði sem sveitarfélög bera nú þegar vegna uppbyggingar og rekstrar fráveitna. Ljóst er að þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist vegna EES-samningsins um kröfur til fráveitna hafa aukið útgjöld sveitarfélaga og þótt ástand fráveitumála sé ágætlega viðunandi allvíða á landinu er mikið verk óunnið við að ná markmiðum fráveitutilskipunarinnar um fullnægjandi hreinsun skólps um allt land, sérstaklega í fámennari byggðarlögum. Augljóst er að áframhaldandi fráveituframkvæmdir eru mikilvægur liður í því að draga úr álagi á vatnsauðlindina og felst mikil þversögn í því að líta á starfsemi fráveitna sem mögulegt skattandlag fyrir ríkissjóð.

Af hálfu sveitarfélaga hefur verið kallað eftir stuðningi ríkisins við fráveituframkvæmdir, svo sem með því að endurgreiða virðisaukaskatt vegna fráveituframkvæmda. Ekki hefur enn reynst vilji til þess að bregðast við þessum óskum sveitarfélaga. Samband íslenskra sveitarfélaga kallar eftir því að ríkið og löggjafinn styðji sveitarfélögin til þess að ljúka nauðsynlegum framkvæmdum og falli jafnframt frá hugmyndum um skattlagningu á fráveitur.

Sömu sjónarmið og að framan greinir eiga í meginatriðum einnig við um skattlagningu vatnsveitna, sem eru lögbundið verkefni sveitarfélaga í þéttbýli.

Sveitarfélögin fjármagni stjórnsýslu ríkisins!

Áður en þetta frumvarp kom fram hafði fjármagn til Umhverfisstofnunar vegna umsýslu við framkvæmd laga um stjórn vatnamála þegar verið skorið verulega niður. Af þeirri ástæðu hefur Umhverfisstofnun hægt mjög á vinnu við gerð vöktunaráætlunar miðað við þann tíma sem gert er ráð fyrir í lögum um stjórn vatnamála.



Að áliti Sambands Íslenskra sveitarfélaga felur frumvarpið í sér hættulegt fordæmi og treystir sambandið á það að löggjafinn fallist ekki á það að ríkið sendi sveitarfélögum reikninginn, á þann hátt sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, vegna sérfræðivinnu sem ríkið ber sjálft ábyrgð á að inna af hendi vegna alþjóðlegra skuldbindinga. Ef löggjafinn hleypir þessu máli í gegn óbreyttu má allt eins vænta þess að svipaðar leiðir verði fetaðar með alls konar verkefni sem unnin eru á grundvelli EES-samningsins og annarra alþjóðlegra skuldbindinga.

Sambandinu hugnast ekki heldur að í frumvarpinu eru gefin fyrirheit um að sú tekjuöflun sem lögð er til í frumvarpinu, sem nemur alls 55 milljónum króna á ári, muni hækka í framtíðinni. Tekið er fram í skýringum með frumvarpinu að endurmeta þurfi „kostnaðarþátttöku notenda“ árið 2017 og að meta þurfi heildarkostnað vöktunar sem komi inn í nokkrum skrefum og fyrrnefnda kostnaðarþátttöku um leið. Augljóst er að þessir gjaldstofnar, verði þeir leiddir í lög, munu hækka á komandi árum. Engin trygging er hins vegar fyrir því að þessum fjármunum verði ráðstafað til þess almenna samfélagslega verkefnis sem vatnastjórnunaráætlunin er, heldur má allt eins vænta þess að við gerð fjárlaga verði þessum tekjum ríkisins að hluta eða jafnvel öllu leyti ráðstafað til annarra og óskyldra verkefna.

Ójafnræði

Sambandið bendir að auki á að verulegt misræmi er í því að ætla vatns- og hitaveitum annars vegar og fráveitum hins vegar að greiða nánast jafnháan hluta af heildarskattlagningu eins og vatnsafls- og jarðhitavirkjunum. Ljóst er að tekjur rekstraraðila af þessari starfsemi eru mjög ólíkar. Af rekstri almenningsveitna er almennt nánast engin framlegð enda er sá rekstur fjármagnaður með þjónustugjöldum sem er ætlað að standa undir kostnaði en ekki skila eigendum hagnaði. Hagnaður af rekstri virkjana getur á hinn bóginn verið mjög mikill.

Fráveitur og vatnsveitur sveitarfélaga þurfa í rekstri sínum að vakta ástand vatns og viðtakarannsóknir vegna fráveitna, sem eru mikilvæg gögn sem nýtast vel við stjórn vatnamála. Þessar almenningsveitur verða þannig þegar fyrir kostnaði vegna vöktunar og er ekki tilefni til að bæta á þær frekari útgjöldum af hálfu löggjafans.

Sambandið vill einnig benda á að við gerð frumvarpsins var fallist á það sjónarmið fulltrúa atvinnulífsins að það myndi leiða til of flókinnar skattheimtu að leggja skatt á fyrirtæki sem nota vatn í sinni starfsemi. Ýmis dæmi eru þó um fyrirtæki sem hafa mikil not af vatnsauðlindinni en munu ekki verða óbeinir greiðendur á grundvelli þeirrar lagabreytingar sem hér er til umsagnar. Má þar sérstaklega benda á fiskeldisfyrirtæki, sem geta í mörgum tilvikum valdið verulegu álagi á vatnsauðlindina, s.s. með sjókváeldi.

Afturvirk skattlagning

Sambandið tekur undir athugasemd Samorku þess efnis að frumvarpið gerir ráð fyrir að orku- og veitufyrirtækin greiði gjaldið í ríkissjóð 1. apríl ár hvert, á grundvelli rauntalna vegna liðins árs (4. mgr. 2. gr.). Þá er gert ráð fyrir að



lögin öðlist þegar gildi (3. gr.), utan að gjaldtaka á fráveitur hefjist ekki fyrr en árið 2016. Hér er sem sagt kveðið á um að raforkuframleiðendur, hitaveitur og vatnsveitur greiði þetta gjald þegar 1. apríl árið 2015, á grunni rauntalna vegna ársins 2014. Það kallast afturvirk skattheimta. Fyrirtækin höfðu engin tækifæri til að innheimta þetta gjald á liðnu ári, enda voru lögin þá ekki til staðar. Ef svo ólíklega vill til að frumvarpið verði að lögum þarf því að fresta gildistökkunni um a.m.k. eitt ár.

Lokaorð

Eins og hér hefur verið rakið allítarlega er það eindregin afstaða Sambands Íslenskra sveitarfélaga að ekki verði unað við þá skattlagningu á almannajónustu sem hér er lögð til heldur beri að fjármagna stjórnsýsluverkefni vegna innleiðingar vatnatilskipunarinnar með framlögum á fjárlögum. Allt frá því að fyrst var byrjað að huga að innleiðingu vatnatilskipunarinnar hefur sambandið lagst gegn auknum álögum á sveitarfélög vegna þeirrar auknu stjórnsýslu sem af henni hlýst.

Sambandið væntir þess að við umfjöllun um málið á Alþingi verði sérstaklega kallað eftir afstöðu ríkisins til þess hvort ekki sé skynsamlegra að auka stuðning við sveitarfélög sem ekki hafa lokið nauðsynlegum fráveituframkvæmdum og þau áform um skattlagningu á almenningsveitur sem hér eru til umsagnar verði jafnframt lögð á hilluna til frambúðar.

Sambandið leggst eindregið gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



Umsögn frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi

25. febrúar 2015

Þingskjal 888 – 511. mál – Stjórn vatnamála

Samband sveitarfélaga á Austurlandi tekur undir [umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga](#) við málið. Ekki verður unað við þá skattlagningu á almannajónustu sem lögð er til. Þá ber að fjármagna stjórnsýsluverkefni vegna innleiðingar vatnatilskipunarinnar með framlögum á fjárlögum. Skynsamlegra er að auka stuðning við sveitarfélög sem ekki hafa lokið nauðsynlegum fráveituframkvæmdum og leggja áform um skattlagningu á almenningsveitur á hilluna til frambúðar.

Virðingarfyllst fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi
Sigrún Blöndal,
formaður SSA

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

18. febrúar 2015

Umsögn Samorku um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, með síðari breytingum (gjaldtaka vegna [svokallaðrar] vatnsþjónustu), 511. mál.

Samorka leggst eindregið gegn því að þetta frumvarp verði samþykkt. Hér er vatnatilskipun EB ítrekað túlkuð með röngum hætti og rangar ályktanir dregnar í kjölfarið, rangt farið með túlkun á nytjagreiðslu- og mengunarbótareglunum, lagt til að þeir sem nú þegar leggja mest af mörkum til rannsókna á vatnsauðlindinni greiði jafnframt (einir) reikninginn fyrir rannsóknir þeim óviðkomandi. Hér er lagður til afturvirkur skattur á aðila sem þegar innheimta umhverfisskatt fyrir ríkissjóð, sem ekki er vitað hvernig er ráðstafað. Loks er hér stofnað til flókins og íþyngjandi regluverks, þvert á yfirlýst markmið sitjandi ríkisstjórnar, og það á forsendum sem standast enga skoðun. Þetta er almennt samfélagslegt verkefni sem tengist EES-aðild Íslands og á að fjármagnast af almennu skattfé.

Frumvarpið kveður á um nýja gjaldtöku sem leggja skuli á vatnsaflsvirkjanir, jarðvarmavirkjanir, vatnsveitur, hitaveitur og fráveitur. Umrædd gjaldtaka er sögð til komin vegna kostnaðar við „vatnsþjónustu“, í tengslum við framkvæmd laga um stjórn vatnamála. Á gjaldið einkum að fjármagna aðgerðir Umhverfisstofnunar (gerð vatnaáætlunar, sbr. 9. mgr. III. kafla athugasemda með frumvarpinu), en í frumvarpinu er einnig fjallað um aukið stjórnsýsluálag á Orkustofnun, sem einkum kemur raunar til vegna umsýslu við innheimtu þessara gjalda (sjá 2. mgr. VI. kafla athugasemda með frumvarpinu).

Samorka hefur andmælt áformum um þessa gjaldtöku árum saman, enda telja samtökin meint rök fyrir henni engan veginn standast skoðun og hafa ítrekað fært rök fyrir þeirri afstöðu gagnvart umræddu ráðuneyti (þótt þau séu lítt tíunduð í athugasemdum með frumvarpinu, þar sem ýmis sjónarmið af þessum annars ágætu samráðsfundum koma fram). Það eru því mikil vonbrigði að þetta frumvarp sé nú komið fram á Alþingi, þótt upphaflegar gjaldtökuheimildir hafi helmingast á þessu u.þ.b. tveggja og hálfis árs tímabili sem þessar gjaldtökuhugmyndir hafa verið samtökunum kunnug.

Þrír nýir skattar á orku- og veitufyrirtæki

Með hliðsjón af fyrirleggjandi frumvarpi um jöfnunargjald á raforkudreifingu (107. mál) og áforma um nýtt netöryggisgjald sem m.a. eigi að leggjast á orku- og veitufyrirtæki kemur þetta frumvarp þó e.t.v. ekki á óvart. Alþingi hefur að sjálfsgöðu allar heimildir til að leggja ný gjöld á starfsemi orku- og veitufyrirtækja, og ljóst að a.m.k. þreföld ný gjaldtaka er nú í farvatninu á starfsemi sumra slíkra. Velta orku- og veitufyrirtækja virðist um þessar mundir þykja afar þægilegur gjaldstofn fyrir nýja gjaldtöku ríkissjóðs, enda ljóst að vandfundin eru þau heimili eða fyrirtæki sem ekki nýta þjónustu þessara aðila.

Röng túlkun á Evróputilskipun

Samorka gerir hins vegar alvarlegar athugasemdir við að lagt sé upp með gjaldtöku á grundvelli rangrar túlkunar á Evróputilskipun. Þannig segir í 3. mgr. I. kafla athugasemda með frumvarpinu að í 1. mgr. 9. gr. vatnatilskipunar EB segi að aðildarríkin skuli taka tillit til meginreglunnar um endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu, þ.m.t. umhverfis- og auðlindatengds kostnaðar og einkum í samræmi við mengunarbótaregluna. Í vatnatilskipuninni (tilskipun 2000/60/EB) er vatnsþjónusta skilgreind þannig, í 38. tölulið 2. gr.:

38. „Vatnsþjónusta“: öll þjónusta fyrir heimili, opinberar stofnanir og hvers konar atvinnustarfsemi sem fólgin er í:

a) vatnstöku, miðlun, geymslu, hreinsun eða dreifingu yfirborðsvatns eða grunnvatns,

b) söfnun skólps og hreinsun þess í stöðvum sem veita vatninu aftur út í yfirborðsvatn.

Þetta er lýsing á þeirri þjónustu sem orku- og veitufyrirtækin veita. Þetta er ekki lýsing á neinni þjónustu sem Orkustofnun eða Umhverfisstofnun veitir. Orku- og veitufyrirtækin innheimta gjöld af sínum viðskiptavinum fyrir þessa þjónustu / vöru. Þar er á ferðinni gjaldtaka vegna vatnsþjónustu. Þetta frumvarp fjallar um gjaldtöku vegna vatnsþjónustu, en þó ekki um þá þjónustu sem þarna er lýst í tilskipuninni sem frumvarpið er sagt byggja á.

Þá segir í lok II. kafla athugasemda með frumvarpinu að gjaldtaka þessi sé „nauðsynlegur þáttur til að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar“. Hvergi er þó getið neinna kröfugerða af hálfu EFTA (ESA) í þessu sambandi. Þetta er enda beinlínis rangt, enda hljóðar 4. töluliður 9. gr. tilskipunarinnar þannig:

4. Aðildarríkin teljast ekki brjóta í bága við þessa tilskipun ef þau ákveða, í samræmi við venjur, að beita ekki ákvæðum annars málsliðar 1. mgr., og í því skyni viðeigandi ákvæðum 2.

mgr., við tiltekna starfsemi er krefst vatnsnotkunar ef það stefnir ekki tilgangi og markmiðum tilskipunarinnar í hættu. Ef aðildarríkin beita ekki öðrum málslið 1. mgr. að fullu í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðadæmi skulu þau gera grein fyrir ástæðunum fyrir því.

Til þessa ákvæðis er vísað til rökstuðnings þeirri niðurstöðu að leggja þetta gjald á orku- og veitufyrirtækin sem teljist m.a. til starfsemi sem nýti vatnsauðlindina (7. mgr. I. kafla athugasemda). Er þannig væntanlega réttlætt sú niðurstaða að ekki verði lagt sérstakt gjald á t.d. landbúnað eða á starfsleyfisskylda mengandi iðnaðarstarfsemi (skv. 1. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar ber að afla framlags frá hinum ýmsu sviðum vatnsnotkunar, sundurliðað a.m.k. í atvinnulíf, heimili og landbúnað). Ekki svo að skilja að Samorka sé að leggja til gjaldtöku á þá aðila. En eftir stendur að í frumvarpinu er ítrekað sett fram röng túlkun á vatnatilskipun EB og rangar ályktanir svo dregnar út frá því. Samorka treystir því að Alþingi hafni þessum málaltilbúnaði.

Röng túlkun á nytjagreiðslureglunni

Í frumvarpinu er ítrekað vísað til orku- og veitufyrirtækja sem notenda vatnsauðlindarinnar og því haldið fram að þeim beri því að greiða þennan kostnað á grundvelli svokallaðrar nytjagreiðslureglu (virkjunum, hitaveitum og vatnsveitum). En í hvaða skilningi eru t.d. hitaveitur og vatnsveitur „notendur“ vatns? Á hvaða hátt „nýta“ þessar veitur vatnið „sér til ávinnings“ (sbr. umfjöllun um nytjagreiðsluregluna í 1. mgr. II. kafla athugasemda með frumvarpinu)? Þessar veitur eru einfaldlega að miðla heitu og köldu vatni áfram til heimila, fyrirtækja og stofnana – veita vatnsþjónustu eins og hún er skilgreind í tilskipuninni líkt og áður greinir. Samorku er ekki kunnugt um einhvern gríðarlegan ávinning, í fjármunum talið, af rekstri þessara veitna, sem veita almannþjónustu. Í frumvarpinu er enda jafnframt talað um „endanlega notendur“ (sbr. 3. mgr. VI. kafla athugasemda), þ.e. viðskiptavinum orku- og veitufyrirtækjanna. Í hvaða skilningi eru veiturnar notendur þegar þær miðla einfaldlega vatni til endanlegra notenda, án fjárhagslegs ávinnings?

Og raforkuframleiðendur (frumvarpið talar um virkjanir), eru þeir að nýta auðlindina sér til ávinnings? Hingað til hefur almennt verið talið að mjög lágt raforkuverð á Íslandi væri einn helsti ávinningur landsmanna af ríkum orkuauðlindum, enda flest orkufyrirtækin í opinberri eigu. Íslensk orkufyrirtæki hafa hingað til ekki skilað miklum beinum hagnaði af sínum rekstri, þótt Samorka sé ekki með þessari ábendingu að tala niður þá framtíðarsýn að orkufyrirtækin skili auknum hagnaði. Þessi fyrirtæki eru hins vegar, líkt og nánar er fjallað um hér á eftir, að greiða ýmsan beinan og óbeinan kostnað vegna nýtingar á vatnsauðlindinni. Ekki verður hins vegar sagt að starfsemi vatnsaflsvirkjana hafi áhrif á efnasamsetningu vatnsins, nema ef vera skyldi til hreinsunar á aurburði í einhverjum tilvikum. Þekkt eru dæmi um jökulár sem breyst hafa í laxveiðiár í kjölfar virkjunarframkvæmda og vandséð er að þau áhrif á vatnsauðlindina teljist neikvæð. Jarðhitavirkjanir dæla í flestum tilvikum jarðhitavökvanum aftur niður í jarðhitageyminn,

að undanskildum þeim hluta sem nýttur er til húshitunar, baða o.s.frv. Vandséð er að það teljist neikvæð áhrif af vatnsnýtingu.

Í 2. málslíð 1. tölulíðs 9. gr. vatnatilskipunarinnar segir að stefna í verðlagningu vatns skuli vera notendum nægileg hvöt til að nýta vatnsauðlindir á hagkvæman hátt sem styðji þannig við umhverfismarkmið tilskipunarinnar. Þetta þýðir væntanlega nægilega háa verðlagningu til að draga úr (óþarfa) nýtingu og til þessa er vísað í 3. mgr. I. kafla athugasemda með frumvarpinu, að því er virðist til að réttlæta þessa nýju gjaldtöku (orku- og veitufyrirtækin gætu hugsanlega freistast til að túlka þessi orð frumvarpsins sem hvatningu til að hækka sínar gjaldskrár nokkuð hressilega, til að takmarka notkun á vatnsauðlindinni!). En í þessu ljósi er einkennilega lesningu að finna í VI. kafla athugasemda með frumvarpinu, um mat á áhrifum. Þar segir að orku- og veitufyrirtækin muni geta hækkað gjaldskrár sínar til að standa stráum af þessu nýja gjaldi, en að gjaldið verði „einungis nokkrar krónur“ (3. mgr.) á meðalnotanda (og er þá vísað til endanlegs notanda). Ekki mjög íþyngjandi segir í 1. mgr. Gjaldið á sem sagt að hækka orku- og veitureikninga landsmanna til að draga úr notkun á vatnsauðlindinni, en það verður svo lágt að endanlegur notandi tekur tæpast eftir því!

Loks, um nytjagreiðsluregluna, þá er hún teygð í frumvarpinu til að réttlæta gjaldtöku fyrir sýnatökur og aðrar rannsóknir á vatnshlotum sem orku- og veitufyrirtækin eru ekki að nýta, enda fylgjast fyrirtækin sjálf með stöðu þeirra vatnshlota sem þau nýta. Hví eiga þessi fyrirtæki þá að greiða fyrir þessar rannsóknir, samkvæmt nytjagreiðslureglu?

Það er því ljóst að vísanir í nytjagreiðsluregluna til að réttlæta þessa gjaldtöku standast alls enga skoðun.

Röng beiting á mengunarbótareglunni

Gjaldtakan á fráveitur er í frumvarpinu réttlætt með vísan til mengunarbótareglunnar, að sá borgi sem valdi mengun. Í stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði á Íslandi eru 36 svæði skilgreind í óvissu eða hættu. Þar af eru einungis sex skilgreind í óvissu eða hættu vegna athafna fráveitna. Á sama tíma er ákveðið að gjaldtaka nái ekki til stórra aðila sem fjallað er um í vatnatilskipun EB og í lögum um stjórn vatnamála, aðila á borð við iðnað og landbúnað, gömul urðunarsvæði o.fl. Ekki svo að skilja að Samorka sé að leggja til sérstaka gjaldtöku á umrædda aðila. Mengunarbótareglunni er hins vegar ranglega beitt ef það er ekkert samræmi milli mengunar og hver / hversu mikið þarf að borga. Þar fyrir utan er fráveitan, m.a. í vatnatilskipuninni líkt og fram kemur hér að framan, skilgreind sem *vatnsþjónusta*. Undanfarin ár hafa íslenskar fráveitur stofnað til gríðarlegra fjárfestinga og ljóst er að framhald verður á þeim fjárfestingum á næstu árum. Markmið þessarar uppbyggingar er einmitt að draga úr álagi á viðtakann, vatnsauðlindina. Gjaldtaka á fráveitur, á grunni mengunarbótareglu, er þess vegna algjör þversögn í eðli sínu.

Gjaldtaka eingöngu á þá aðila sem þegar leggja mest af mörkum!

Eins og Samorka hefur bent umhverfis- og auðlindaráðuneyti á allar götur frá því að þessar gjalddökugmyndir voru fyrst kynntar samtökunum á fundi í ráðuneytinu þann 16. nóvember 2012, þá eru það einmitt orku- og veitufyrirtækin sem þegar afla þorra þeirra gagna sem hérlandis eru til um stöðu vatnamála og álag á svokölluð vatnshlot. Í frumvarpinu kemur fram að fallist hafi verið á rök Samtaka iðnaðarins varðandi slíkt framlag starfsleyfisskyldra iðnfyrirtækja (5. mgr. V. kafla athugasemda) og þau því undanskilin gjalddöku (en ekki getið um sams konar rökstuðning Samorku, sem margítrekað kom fram). Hér er ekki lögð til gjalddöku á þessi fyrirtæki, en vandséð er að þeirra framlag jafnist á við framlag orku- og veitufyrirtækja í þessu samhengi. Sýnatökur, eftirlit með efnasamsetningu, aurburði, ástandi fiskistofna o.s.frv. Allar þessar upplýsingar eru Umhverfisstofnun aðgengilegar, eða geta a.m.k. verið það. Vísindaleg gögn um stöðu og þróun á sviði vatnamála sem aflað er á kostnað orku- og veitufyrirtækja.

Að mati Umhverfisstofnunar þarf jafnframt að fylgjast með ástandi annarra vatnshlota og Samorka gerir ekki athugasemd við það, en vandséð er hvers vegna t.d. vatnsveita í fámennu sveitarfélagi í uppsveitum Suðurlands á til viðbótar kostnaði við eigið gæðaeftirlit að fá (í raun) sendan reikning vegna sýnatöku úr einhverju vatnshloti í afskekktri sveit hinum megin á landinu. Vatnaáætlun er almennt, samfélagslegt verkefni, til komið vegna EES-aðildar Íslands, og á þess vegna að fjármagnast af almennu skattfé. Orku- og veitufyrirtækin geta lagt þarna til mikið magn af upplýsingum en eiga ekki að fá sendan reikninginn fyrir öðrum aðgerðum þeim óviðkomandi. Þau gætu þá fullt eins vel tekið upp þá stefnu að innheimta sjálf gjald fyrir að láta Umhverfisstofnun í té þær upplýsingar sem þau afla með fyrrgreindum rannsóknum á þeim vatnshlotum sem þau nýta.

Umhverfis- og auðlindaskattar, greiðslur fyrir vatnsréttindi

Til viðbótar við fyrrnefndar rannsóknir þurfa orkufyrirtækin gjarnan að greiða fyrir vatnsréttindin og eru því þegar að reiða af hendi beina fjármuni fyrir nýtingu á auðlindinni. Þá hefur orkufyrirtækjum um nokkurra ára skeið verið falin innheimta svokallaðra umhverfis- og auðlindaskatta, sbr. lög nr. 129/2009. Engar upplýsingar liggja fyrir um sérstaka ráðstöfun þeirra fjármuna, en e.t.v. væri við hæfi að nýta þá að hluta til að fjármagna vatnaáætlun. Loks er þessum fyrirtækjum iðulega gert að fjármagna mótvægisaðgerðir af ýmsu tagi, uppgræðslu lands o.s.frv. Það er ekki svo að þessi fyrirtæki séu ekki að greiða fyrir nýtingu á vatnsauðlindinni.

Afturvirkur skattur?

Frumvarpið gerir ráð fyrir að orku- og veitufyrirtækin greiði gjaldið í ríkissjóð 1. apríl ár hvert, á grundvelli rauntalna vegna liðins árs (4. mgr. 2. gr.). Þá er gert ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi (3. gr.), utan að gjalddöku á fráveitur hefjist ekki fyrr en árið 2016. Hér er sem sagt kveðið á um að raforkuframleiðendur, hitaveitur og vatnsveitur greiði þetta gjald þegar 1. apríl árið 2015, á grunni rauntalna vegna ársins 2014. Það kallast

afturvirk skattheimta. Fyrirtækin höfðu engin tækifæri til að innheimta þetta gjald á liðnu ári, enda lögin ekki til staðar. Samorka kýs að trúa því ekki að þetta frumvarp verði að lögum, en verði það niðurstaðan hlýtur augljóslega að þurfa að fresta gildistökunni um a.m.k. eitt ár.

Ströng ákvæði um gagnaskil

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fráveitur (sveitarfélög) skili gögnum vegna álagningar til Umhverfisstofnunar eigi síðar en 1. mars ár hvert (4. mgr. 2. gr.), en orkufyrirtæki og vatnsveitur til Orkustofnunar eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Varðandi raforkuframleiðslu eru gagnaskil líklega nú þegar í þessum farvegi, en hætt er við að hitaveitur, vatnsveitur og jafnvel fráveitur muni í mörgum tilvikum lenda í erfiðleikum með að skila umræddum gögnum svo snemma á árinu. Það er því beinlínis ósmekklegt að vísa til dagseктаheimilda Orkustofnunar í þessu sambandi (5. mgr. III. kafla athugasemda með frumvarpinu). Sem fyrr segir kýs Samorka að trúa því ekki að þetta frumvarp verði að lögum, en verði það niðurstaðan hlýtur að þurfa að endurskoða þessa tímafresti.

Íþyngjandi regluverk, aukið flækjustig

Sitjandi ríkisstjórn leggur í sinni stefnuskrá m.a. áherslu á einföldun regluverks. Hér er verið að koma á fót nýrri gjaldtöku, þvinga fjölda fyrirtækja til að flýta og/eða breyta sinni upplýsingaöflun, þvinga fjölda fyrirtækja til breytinga á sinni upplýsingagjöf og á framsetningu þeirra gagna, stofna til nýrra verkefna í tveimur ríkisstofnunum, hugsanlega nýrra stöðugilda þar o.s.frv. Þetta mun seint teljast í anda fyrrnefndrar stefnu um einföldun regluverks.

Hækkandi fjárhæðir

Ekki skal því hins vegar bætt við að tekjuöflunin sé lítil með öllu þessu umstangi og aukna flækjustigi og regluverki. 55 m.kr. er e.t.v. ekki há upphæð í samhengi ríkisfjármála, en í frumvarpinu kemur skýrt fram (í lok III. kafla athugasemda) að þessar fjárhæðir munu fara hækkandi á komandi árum. Tekið er fram að endurmeta þurfi „kostnaðarpátttöku notenda“ árið 2017 og að meta þurfi heildarkostnað vöktunar sem komi inn í nokkrum skrefum og fyrrnefnda kostnaðarpátttöku um leið. Augljóst er að þessir gjaldstofnar, verði þeir leiddir í lög, munu hækka á komandi árum. Engin trygging er hins vegar fyrir því að þessum fjármunum verði ráðstafað til þess almenna samfélagslega verkefnis sem vatnastjórnunarátætlunin er, og ætti einfaldlega áfram að fjármagnast með almennu skattfé, sem var skilningur þeirra sem tóku þátt í að semja frumvarp til laga um stjórn vatnamála, líkt og fram kemur í frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar (4. mgr. V. kafla athugasemda).



Innan Samorku starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforkuframleiðendur, raforku-salar og flutnings- og dreifingaraðilar raforku

7

Samorka leggst eindregið gegn því að Alþingi samþykki þetta frumvarp.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

19. febrúar 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, með síðari breytingum (gjaldtaka vegna vatnsþjónustu), 511. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (samtökin) leggjast eindregið gegn samþykkt frumvarpsins meðal annars vegna þess að

- i) um er að ræða nýjan skatt í ríkissjóð þar sem kostnaðurinn við skattheimtuna verður óhóflegur,
- ii) frumvarpið gengur þvert gegn markaðri stefnu í frumvarpi til laga um opinber fjármál,
- iii) ekki var gert ráð fyrir slíkri skattheimtu við samþykkt þingsályktunar um innleiðingu vatnatilskipunar,
- iv) ekki var gert ráð fyrir sérstakri skattheimtu í starfi nefndar sem samdi frumvarp til laga um stjórn vatnamála og uppbygging stjórnkerfis við vatnaáætlun tók mið af því að um samfélagslegt verkefni væri að ræða,
- v) notendur greiða nú þegar fyrir vatnsþjónustu og engin þörf á nýjum skatti til að uppfylla ákvæði tilskipunar ESB,
- vi) svokölluð nytjagreiðsluregla getur ekki átt við um þessa skattheimtu,
- vii) mengunarbótaregla geti ekki átt við um skattheimtuna,
- viii) um er að ræða afturvirknan skatt,
- ix) frumvarpið er í andstöðu við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um skattamál og
- x) frumvarpið er einnig í andstöðu við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um minna skriffræði og einföldun samskipta við hið opinbera og að jafnveigamiklar kvaðir falli brott við innleiðingu nýrra.

Tilskipun ESB um vatnamál og skattar

Í athugasemdum við lagafrumvarpið er vísað til ákvæða í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60 frá 23. október 2000 um aðgerðarramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (hér eftir nefnd vatnatilskipun) sem benda aðildarríkjum ESB á að rétt kunni að vera að innheimta gjald fyrir vatnsþjónustu og einnig að heimilt sé að undanskilja tiltekna starfsemi gjalddöku. Í athugasemdum fjármálaráðuneytisins við frumvarpið (fylgiskjal II) kemur fram að það samræmist ekki vatnatilskipun ESB að ríkissjóður greiði kostnað sem út af stendur þegar gjalddökunni hefur verið komið á.

Samtökin telja rétt að minna á í þessu samhengi að skattamál eru með öllu undanþegin EES – samningnum. Engar tilskipanir ESB geta skyldað EFTA ríkin til að leggja tiltekna skatta á borgara sína. Þótt á Íslandi væru engin gjöld lögð á vegna vatnsnotkunar eða frárennslis gæti það ekki stangast á við tilskipun ESB um vatnamál. Engar athugasemdir hafa borist frá Eftirlitsstofnun EFTA um að vatnatilskipunin hafi verið ranglega innleidd hér á landi að þessu leiti og engar kröfur hafa þaðan komið um breytingar á gjalddöku vegna vatnsnotkunar eða nýja skatta til að hafa upp í samfélagsleg verkefni vegna stjórnunar vatnamála.



Það er því beinlínis rangt sem segir í greinargerð með frumvarpinu:

„Þær breytingar sem frumvarpið hefur í för með eru í samræmi við skuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu.“

Þingsályktun nr. 1/135 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um innleiðingu vatnatilskipunarinnar.

Ályktunin var samþykkt þann 6. desember 2007 en í athugasemdum með tillögunni þegar hún var lögð fyrir Alþingi sagði m.a.:

„Ljóst er að verulegur kostnaður mun koma til í tengslum við lögleiðingu tilskipunarinnar hér á landi og vegna úttekta, vöktunar og skýrslugerða þegar tilskipunin verður að fullu komin til framkvæmda. Kostnaðurinn mun aðallega falla á ríkið, en einnig á sveitarfélög vegna framkvæmdar vatnsverndar. Starfshópurinn mat kostnað ríkisins vegna undirbúningsframkvæmda 194,2 milljónir króna, sem mun dreifast á næstu ár, hugsanlega allt til ársins 2013. Í skýrslu starfshópsins til þáverandi umhverfisráðherra frá 12. mars 2007 er gerð nánari grein fyrir sundurliðun framangreinds kostnaðar. Hluti þessa kostnaðar hefur þegar fallið til og verið greiddur hlutaðeigandi stofnunum. Kostnaður heilbrigðiseftirlits, sem rekið er af sveitarfélögunum, mun ekki falla til fyrr en síðar og er ekki ljóst hversu mikill hann verður. Samráð hefur verið haft við sveitarfélögin um upptöku tilskipunarinnar frá því byrjað var að ræða upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn. Lögum samkvæmt verður þó öll vöktun á hendi ríkisins, þ.e. Umhverfisstofnunar.“

Í nefndaráli utaríkismálanefndar um tillöguna (135. löggjafarþing 2007–2008, þskj. 396 — 268. mál) segir m.a.:

„Ljóst er að verulegur kostnaður mun fylgja innleiðingunni. Fram kom á fundi nefndarinnar að umhverfisráðuneytið hefur óskað fjárheimilda vegna þessa. Nefndin telur mikilvægt að fjárheimildirnar verði í samræmi við umfang þess verkefnis sem fram undan er við innleiðinguna.“

Eins og þarna kemur glögg fram var gert ráð fyrir því að allur kostnaður vegna úttekta, vöktunar og skýrslugerða myndi falla á ríkissjóð og sveitarfélög. Engar tillögur koma fram um sérstaka skattheimtu vegna innleiðingar vatnatilskipunar.

Yfirlýsing sameiginlegu EES-nefndarinnar vegna ákvörðunar nefndarinnar nr. 125/2007.

Þegar ákvörðun var tekin um að taka vatnatilskipunina upp í íslenskan rétt var verið að teygja gildissvið EES-samningsins lengra en efni hans stendur til. Enda segir í athugasemdum með þingsályktunartillögunni sem áður er vísað til eftirfarandi:

„Tilskipunin er eingöngu EES-tæk að hluta. Þannig voru þeir þættir sem lúta að náttúruvernd, t.d. lífríki við strendur, ár og vötn, ekki teknir upp í EES-samninginn, heldur aðeins atriði er varða mengun, vöktun með henni og eftirlit. Ákvæði er varða auðlindastjórnun og gjaldtöku voru sömuleiðis ekki tekin upp í samninginn. Samningaviðræður stóðu lengi við framkvæmdastjórnina um hvernig væri rétt að taka tilskipunina upp í EES-samninginn. Eftir heimsókn fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar til Íslands, þar sem aðstæður hér á landi voru kynntar, náðist niðurstaða um að í almennri yfirlýsingu með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar væri áréttað að ólíkar landfræðilegar aðstæður kölluðu á mismunandi aðgerðir til að ná fram markmiðum tilskipunarinnar og að stjórnvöld gætu því metið á hverjum stað hvaða aðgerða þurfi að grípa til. Þá slutti fulltrúi Íslands einnig yfirlýsingu á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar, þegar tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn, þar sem sérstaða Íslands var ítrekuð.“

Yfirlýsing sameiginlegu EES-nefndarinnar hljóðar svo:

„Samningsaðilum er ljóst að vötn um alla Evrópu verða fyrir fjölbreytilegu álagi og áhrifum af mannavöldum. Því getur verið mismunandi frá einu svæði til annars hvaða ráðstafana og aðgerða er þörf til að ná umhverfismarkmiðum tilskipunarinnar. Í rammatilskipuninni um vatn er tekið tillit til þessara fjölbreytilegu aðstæðna. Í henni er yfirvöldum, sem hafa framkvæmd tilskipunarinnar með höndum, látið eftir að ákveða hvaða ráðstafanir og aðgerðir henta best til að mæta ríkjandi álagi og áhrifum þannig að umhverfismarkmiðin náist.“

Samtökin telja að þetta feli í sér að Ísland hafi töluvert svigrúm við framkvæmd vatnatilskipunarinnar og að hraði og kostnaður við úttektir, vöktun og skýrslugerð geti mótast af efnunum og aðstæðum ríkisins og stofnana þess sem og sveitarfélaga á hverjum tíma.

Nefndarstarf um tillögu að frumvarpi byggt á vatnatilskipuninni.

Umhverfisráðherra skipaði í febrúar 2009 nefnd til að gera tillögu að frumvarpi til innleiðingar á vatnatilskipuninni. Nefndina skipuðu fulltrúar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Umhverfisstofnunar, Samtaka atvinnulífsins og frjálsra félagsamtaka og skilaði nefndin sameiginlegri tillögu að frumvarpi í febrúar 2010, sem síðan varð lítt breytt að lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Í greinargerð nefndarinnar var ítarlega fjallað um ákvæði tilskipunarinnar um endurheimt kostnaðar en þar segir:

„Í 1. mgr. 9. gr. vatnatilskipunarinnar er fjallað um endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu. Þar segir að aðildarríkin skuli taka tillit til meginreglunnar um endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu, þ.m.t. umhverfis eða auðlindatengdur kostnaður, með hliðsjón af efnahagslegu greiningunni sem gerð er í samræmi við III. viðauka, einkum í samræmi við mengunarbótaregluna. Þá segir í 2. mgr. að í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi, þ.e.a.s. vatnastjórnunaráætlun fyrir vatnaumdæmið eins og stjórnunaráætlun er nefnd í frumvarpinu, skulu aðildarríkin gefa upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir til framkvæmdar á 1. mgr., sem munu stuðla að því að umhverfismarkmið tilskipunarinnar náist, sem og hve mikið framlag kemur frá hinum ýmsu sviðum vatnsnotkunar til að mæta kostnaði vegna vatnsþjónustu. Í 4. mgr. segir svo að aðildarríkin teljast ekki brjóta í bága við þessa tilskipun ef þau ákveða, í samræmi við venjur, að beita ekki ákvæðum annars málsliðar 1. mgr. og í því skyni viðeigandi ákvæðum 2. mgr., við tiltekna starfsemi er krefst vatnsnotkunar ef það stefnir ekki tilgangi og markmiðum tilskipunarinnar í hættu. Ef aðildarríkin beita ekki öðrum málslið 1. mgr. að fullu í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi skulu þau gera grein fyrir ástæðunum fyrir því.

Sú löggjöf sem hefur þýðingu hér á landi varðandi 9. gr. tilskipunarinnar, eru einkum eru ákvæði laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og laga um rekstur og uppbyggingu fráveitna nr. 9/2009. Í 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga segir m.a.: Heimilt sé að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatns geta notið og má gjaldið nema allt að 0,5 hundraðshlutum af fasteignamatí. Í gjaldskrá er heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna. Enn fremur er heimilt að miða vatnsgjaldið við fast gjald auk álags vegna stærðar fasteignar og/eða notkunar samkvæmt mæli.

Í 7. gr. sömu laga er fjallað um notkunargjald. Þar segir m.a. að þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa er vatnsveitu heimilt að innheimta sérstakt notkunargjald er miðast við notkun mælda í rúmmetrum. Endurgjald hafnarsjóðs til vatnsveitu vegna vatnssölu til skipa, báta og annarra úr vatnsdreifikerfi hafnar skal miðast við mælda notkun í rúmmetrum samkvæmt gjaldskrá. Hafnarstjórn ákveður verð fyrir hvern rúmmetra vatns sem seldur er til skipa og báta. Í 10. gr. laganna segir að Stjórn vatnsveitu skal semja gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda skv. 5.–7. gr. laganna. Miða skal við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum vatnsveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

Samkvæmt 14. gr. laga um rekstur og uppbyggingu fráveitna er heimilt er að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélags. Þar sem frárennsli er veitt frá atvinnustarfsemi eða vegna annars en venjulegra heimilisnota í fráveitukerfi sveitarfélags er heimilt að innheimta gjald vegna losunar miðað við innrennsli vatns samkvæmt mæli. Sé vatn notað til framleiðslu þannig að því sé ekki veitt í fráveitukerfi skal notandi mæla notkun þess. Sú notkun skal dregin frá innmældu magni við útreikning á gjaldi. Verði mælingu ekki við komið skulu aðilar meta vatnsnotkun til frádráttar á innmældu vatnsmagni. Í 15. gr. segir svo að í gjaldskrá fráveitu skal miða við að fráveitugjald ásamt öðrum tekjum fráveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, viðtakaransókrum og vöktun og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar. Heimilt er að ákveða hámark og lágmark fráveitugjalds miðað við rúmmál húseigna. Enn fremur er heimilt að miða fráveitugjaldið við fast gjald auk álags vegna stærðar eða notkunar fasteignar. [...]

Af 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga og 15. gr. laga um rekstur og uppbyggingu fráveitna má ráða að gert er ráð fyrir því að rekstur og stofnkostnaður vatns- og fráveitna sé fjármagnaður með gjaldtöku. Þá skal bent á að skv. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 er sveitarstjórnnum heimilt að setja stefnu um arðsemiskröfur stofnana og fyrirtækja í þeirra eigu.

Bæði í lögum vatnsveitur sveitarfélaga og lögum um rekstur og uppbyggingu fráveitna er heimilað að innheimta gjald samkvæmt mæli af atvinnurekendum. Slik ákvæði ættu bæði að draga úr sóun vatns og tryggja að þeir sem nota mikið vatn greiði fullt gjald fyrir þau not. **Telja verður að framangreind lagaákvæði uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. vatnatilskipunarinnar og því er ekki lagt til að hún verði innleidd sérstaklega.** Hins vegar er lagt til að III. viðauki tilskipunarinnar sem fjallar um efnahagslega greiningu, sem vísað er til í 9. gr. sé innleiddur, með setningu reglugerðar, sbr. 5. tölul. 29. gr. frumvarpsins. Þá er í d. lið 7. gr. fjallað um að Umhverfisstofnun beri að sjá um framfari efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar." (Samtökin feitleitruðu setninguna að ofan.)



Þegar þetta er lesið yfir liggur fyrir að fulltrúar þriggja ráðuneyta, sveitarfélaga, frjálsra félagasamtaka og atvinnulífs töldu að gildandi ákvæði laga um vatnsveitur og fráveitur uppfylli kröfur vatnatilskipunarinnar um gjaldtöku í samræmi við mengunarbótaregluna og nytjagreiðsluregluna. Engar breytingar hafa orðið á þessari gjaldtöku síðan sem kalla á nýjar skattlagningarheimildir ríkisins.

Annað atriði sem máli skiptir í þessu samhengi er að uppbygging stjórnkerfis í kringum vatnatilskipunina byggir á því að um er að ræða verkefni ríkis og sveitarfélaga og að engir aðrir koma þar að formlegum ákvörðunum. Í athugasemdum nefndarinnar við 5. gr. frumvarpsdraganna segir um vatnaráð:

„Hér er því um að ræða stjórnvald sem skipað er fulltrúum bæði ríkis og sveitarfélaga. Þetta samræmist því að eðlilegt er að líta á framkvæmd þeirra verkefna sem frumvarpið mælir fyrir um sem sameiginlegt viðfangsefni ríkis og sveitarfélaga.“

Hér kemur enn og aftur fram fyrri skilningur á því að verkefnið sé ríkis og sveitarfélaganna. Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins í nefndinni taldi órjúfanleg tengsl milli umfjöllunar um gjaldtökuna og stjórnsýsluna. Yrði farið fram á gjaldtöku fyrir vatnsnotkun til að mæta kostnaði við stjórnsýslu, vöktun og skýrslugerð þá myndi það óhjákvæmilega kalla á aðkomu greiðenda að ákvörðunum um hvaða verkefni yrði ráðist í, hversu hratt, hverjir ynnu verkefnið og hver kostnaðurinn væri.

Frumvarp til laga um stjórn vatnamála.

Umhverfissráðherra lagði fram frumvarp til laga um stjórn vatnamála á 138. löggjafarþingi (651. mál), sem var afgreitt til nefndar og sent til umsagnar fjölmargra aðila. Í greinargerð með frumvarpinu var að finna stefnumörkun um gjaldtöku sem ekki hafði verið til umfjöllunar áður en þar sagði:

„Í umhverfissráðuneytinu er hafinn undirbúningur að frumvarpi sem ætlað er að taka til gjaldtöku á atvinnurekstur í samræmi við mengunarbótaregluna og nytjagreiðsluregluna. Í nytjagreiðslureglunni felst að þeir sem nýta auðlindir skuli standa undir nauðsynlegum eftirlitskostnaði sem tryggir að ekki sé gengið á viðkomandi auðlindir. Slík löggjöf hefur þegar verið sett í mörgum löndum Evrópu enda hefur OECD lagt áherslu á að ríki beiti nytjagreiðslureglunni. Undir starfsemi sem nýtir sér vatnsauðlindina með einum eða öðrum hætti hér á landi falla m.a. vatnsaflsvirkjanir, vatnsveitur, tiltekin landbúnaðarstarfsemi, fráveitur, mengandi atvinnurekstur og matvælaframleiðsla. Við þá vinnu sem fram undan er við gerð lagafrumvarps vegna framangreindrar gjaldtöku verður lögð rík áhersla á að skapa viðtæka sátt um gjaldtökuna. Gert er ráð fyrir að slík gjaldtöku geti í framtíðinni staðið undir stærstum hluta af framkvæmd vatnatilskipunarinnar hér á landi, enda verði lögð á það rík áhersla að ekki verði stofnað til óþarfa kostnaðar við framkvæmdina. Ljóst er að aðstæður hér á landi eru aðrar en í flestum þeim löndum öðrum sem tilskipunin nær til og hún er miðuð við. Mun umhverfissráðuneytið gæta þess að framkvæmdin taki mið af því og verði í senn einföld og hagkvæm.“

Þarna hafði umhverfissráðuneytið skipt um skoðun þegar frumvarpið var lagt fram í júní 2010 frá því í febrúar að nefndin sem samdi frumvarpið lagði fram einróma álit á því gildandi lagaákvæði væru þá þegar í samræmi við mengunarbótaregluna og nytjagreiðsluregluna.

Samtökin sendu umsögn þar sem fyrirhugaðri gjaldtöku var mótmælt og þar segir m.a.:

„Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um fjármögnun vegna kostnaðar við framkvæmd laganna. Þar er lagt til að fjármögnun verði með sérstakri gjaldtöku á atvinnulíf. Þessu er harðlega mótmælt. Í greinargerð er rætt um gjaldtöku á atvinnurekstur í samræmi við það sem kallað er mengunarbótaregla og nytjagreiðsluregla. Í þessu sambandi er rétt að benda á að stærstur hluti vatna á Íslandi fellur til sjávar án þess að atvinnurekstur komi þar nærri. Ekki er því hægt að rökstyðja gjaldtöku af þessu tagi með mengunarbótareglu eða nytjagreiðslureglu. Engin leið er til þess að leggja sérstök gjöld á fyrirtæki landsins til þess að tryggja eftirlit, vöktun og umhverfismarkmið vatna sem þau hafa ekki áhrif á. Stærstur hluti kostnaðar vegna laga um stjórn vatnamála mun lenda á ríkissjóði.“

Skemmst er einnig frá því að segja að þrátt fyrir fögur fyrirheit hefur ekki skapast nein sátt við samtökin né önnur samtök í atvinnulífinu um gjaldtöku. Umhverfissráðuneytið hefur kynnt áform sín um gjaldtöku á nokkrum fundum en engin sátt hefur náðst um gjaldstofna, fjárhæðir né innheimtuleiðir.

Umhverfissráðherra lagði málið að nýju fyrir 139. löggjafarþing og var það samþykkt með nokkrum breytingum sem lög nr. 36/2011.



Umsvif Umhverfisstofnunar

Með frumvarpinu verður Umhverfisstofnun ný skattstofa á vegum ríkisins og annast innheimtu gjalda eftir gögnum frá Orkustofnun. Umsvif Umhverfisstofnunar hafa aukist verulega á undanförunum árum og er hún bæði stjórnsýslustofnun, eftirlitsstofnun, annast rekstur og framkvæmdir á friðlýstum svæðum, ... Útgjöldin voru 768 mkr 2008, 932 mkr 2009, 950 mkr 2010, 1054 mkr 2011, 1101 mkr 2012, 1203 mkr 2013 en ríkisreikningur 2014 liggur ekki fyrir. Útgjöldin uxu um 57% á tímabilinu en á sama tíma hefur vísitala samneyslnnar hækkað um 31%. Umsvif stofnunarinnar hafa því aukist langt umfram almenna samneyslu í landinu.

Verði frumvarpið að lögum er ætlað að tekjur Umhverfisstofnunar af skattheimtunni verði um 55 mkr á ári sem gæti svarað til um 5% aukningar útgjalda. Í greinargerð með frumvarpinu og áliti fjármálaráðuneytisins er ekkert minnst á kostnað við skattheimtuna og hvað það muni kosta að byggja upp innheimtukerfi og viðhalda því. Í umsögn Orkustofnunar (dags. 12. febrúar 2015) kemur fram að kostnaðarauki stofnunarinnar vegna gagnaöflunar samkvæmt frumvarpinu verði 9,5 mkr á ári **auk** tækja- og ferðakostnaðar. Ef kostnaður Umhverfisstofnunar er svipaður þá getur kostnaður við skattheimtuna orðið 20 - 25 mkr. á ári.

Það er mat samtakanna að allt að 50% af fyrirhuguðum skatti muni renna í kostnað við gagnaöflun, álagningu og innheimtu. Hætt er við að eftirtekjan verði heldur rýr.

Nýir skattar

Samtökin hafa þungar áhyggjur af þeirri stefnu sem birtist í fjölmörgum frumvörpum og frumvarpsdrögum undanfarin misseri þar sem einstökum stofnunum eru gefnar auknar gjaldtökuheimildir og kynnt frumvörp um nýja markaða tekjustofna. Sú stefna ryður sér mjög til rúms að draga úr því að stofnanir þurfi að sækja gjaldaheimildir til Alþingis og fjárlaga og því aðhaldi sem því fylgir og að í staðinn séu fundnar aðrar leiðir til að auka tekjur til ákveðinna verkefna, starfsemi eða aukins eftirlits.

Nokkur dæmi má nefna án þess að um tæmandi upptalningu sé að ræða. Með tillögu um flutning netöryggissveitar frá Póst- og fjarskiptastofnun til lögregluþyrvalda fylgdi tillaga um nýtt netöryggisgjald án þess að dregið væri úr gjaldtökuheimildum Póst- og fjarskiptastofnunar. Frumvarp um nýjan orkuskipt til að jafna orkukostnað er til umfjöllunar. Ætlunin er að framvegis verði þjóðskráin fjármögnuð með sérstöku gjaldi en helstu greiðendur verða væntanlega aðrar ríkisstofnanir. Lögð hafa verið fram frumvörp um stóruaukar gjaldtöku- og eftirlitsheimildir Samgöngustofnu. Einnig má í þessu samhengi nefna náttúrpassann sem er til umræðu á Alþingi.

Liður í þessari þróun er frumvarp umhverfisráðherra sem hér er til umfjöllunar.

Svo virðist sem verið sé að hverfa frá því að fjármagna starfsemi ríkisins með fáum breiðum almennum og undantekningarlitlum skattstofnum og taka þess í stað upp gjaldtökuheimildir sem eru sértækar, ógagnsæjar, án mikils aðhalds og með litlu eftirliti. Þessari þróun mótmæla samtökin og telja hana varla samrýmast frumvarpi um opinber fjármál sem einnig er til umfjöllunar á Alþingi. Þetta gengur þvert á stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem segir m.a.:

„Gerð verður úttekt á skattkerfinu og skattkerfisbreytingum undanfarinna ára og lagðar fram tillögur til úrbóta með það að markmiði að einfalda skattkerfið, breikka skattstofna, minnka tekjutengingar og draga úr undanskotum. Með einföldun skattkerfisins og innleiðingu jákvæðra hvata verður rekstur fyrirtækja einfaldari og skilvirkari.“

En hvað er til ráða?

Samtökin hafa ítrekað sent tillögur til stjórnvalda um einföldun og hagræðingu í stjórnsýslu- og eftirlitskerfi hins opinbera og hafa bundið vonir við að tillögur hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar komist til framkvæmda af auknum þunga og eins að starf vinnuhóps forsætisráðherra um eftirlitsstofnanir geti skilað árangri við að draga úr kostnaði og auka hagkvæmni í rekstri stofnana hins opinbera.



Samtökin telja að eðlilegt geti verið að þeir sem nýta upplýsingarnar sem verða til við framkvæmd laga um stjórn vatnamála greiði fyrir afnot af þeim. Þá verði sérstaklega afmarkaður sá kostnaður sem gjaldskrá getur byggt á. Þeir sem stórtækastir eru við notkun upplýsinganna greiddu þá hæstu upphæðirnar. Eftir sem áður gætu ákveðnar grunnupplýsingar verið aðgengilegar almenningi. Umhverfisstofnun hafði á árinu 2012 166 mkr í sértekjur og 180 mkr í markaðar tekjur. Stofnunin hefur því komið sér upp kerfi til að halda utan um kostnað við verk, senda út reikninga fyrir kostnaði og innheimta hann. Það ætti því að vera lítið mál að bæta þessum þætti við.

Kosturinn við þessa aðferð er að **sá greiðir sem nýtur.**

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins



Alþingi
Nefndasvið - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfossi 24. febrúar 2015

Efni: Umsögn stjórnar SASS um frumvarp til laga um vatnamál, 511. mál.

Stjórn SASS tekur undir sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fram koma í umsögn þeirra til umhverfis- og samgöngunefndar og dags. er 18. febrúar sl.

Stjórnin leggur mikla áhersla á að farið verið eftir ábendingum Sambandsins og áréttar að eðlilegra væri að fjármagna þau verkefni sem gjaldtökunni er ætlað að standa undir, af tekjum ríkisins vegna umhverfis- og auðlindaskatta. Jafnframt er áréttað það sjónarmið að ríkið endurgreiði virðisaukaskatt af fráveituframkvæmdum þannig að sveitarfélög geti sem fyrst lokið nauðsynlegum framkvæmdum.

Stjórn SASS leggst eindregið gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar SASS

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landsamband skógræktarfélaganna – Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík

☎ 551 8150 📠 562 7131 ✉ skog@skog.is 🌐 www.skog.is

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Netfang: nefundasvid@althingi.is

Reykjavík 23. febrúar 2015

Erindi: Umsögn Skógræktarfélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, með síðari breytingum (gjaldtaka vegna vatnsþjónustu), 511. Mál.

Á stjórnarfundi Skógræktarfélags Íslands þann 11. febrúar sl. var fjallað um „Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, með síðari breytingum (gjaldtaka vegna vatnsþjónustu), 511. Mál.“

Skógræktarfélag Íslands hefur skilning á að vatnaáætlun og fyrirhugaðar vöktunar- og aðgerðaráætlanir fyrir vatn á Íslandi séu mikilsverð tæki til að tryggja gæði vatns. Skógur og vatn geta ekki án hvers annars verið enda hefur ræktun lands góð áhrif á gæði vatns og gróður þrífst ekki án vatns. Skógræktarfélag Íslands styður framlagt frumvarp.

Með skógræktarkveðjum,

F.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands

Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri

Á fundi bæjarráðs Árbogar í dag 19. febrúar var tekin fyrir beiðni um umsögn um frumvarp til laga um stjórn vatnamála, gjaldtöku fyrir vatnsþjónustu EES reglur.

Eftirfarandi var bókað:

Sveitarfélagið Árborg mótmælir þeim áformum sem eru uppi um álögur á vatnsveitur, hitaveitur og fráveitur sveitarfélaga skv. frumvarpinu. Sveitarfélagið tekur undir með Sambandi íslenskra sveitarfélaga að eðlilegra væri að fjármagna þau verkefni sem gjaldtökunni er ætlað að standa undir af tekjum ríkisins vegna umhverfis- og auðlindaskatta, sbr. lög nr. 129/2009. Sveitarfélögin hafa nú þegar kostnað af lögum um stjórn vatnamála, m.a. vegna þátttöku í gerð vatnasvæðaáætlana.

Framangreint tilkynnist hér með.

Með kveðju,

Rósa Sif Jónsdóttir
ritari



Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkrúki • S: 455 6000 • F: 455 6001 • Netf.: krokur@skagafjordur.is • Kt.: 5506982349 • Vasknr: 60077

Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 1. apríl 2015
nr. erindis 1502086 HSB

Á 108. fundi umhverfis- og smgöngunefndar Sveitarfélagsins Skagafjarðar 24. mars 2015 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbeiðni - frumvarp til laga um stjórn vatnamála

Svofelld bókun var gerð:

Umhverfis- og samgöngunefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar tekur undir umsögn Sambands Íslenskra Sveitarfélaga vegna frumvarps til laga um stjórn vatnamála.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. umhverfis- og samgöngunefndar Sveitarfélagsins Skagafjarðar



Helga S. Bergsdóttir
Stjórnsýsluritari



Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. febrúar 2015
UST201502-447

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn vatnamála, 511. mál

Umhverfisstofnun vísar til erindis nefndasviðs Alþingis (umhverfis- og samgöngunefnd) dags. 9. febrúar 2015 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um stjórn vatnamála (gjaldtaka fyrir vatnsþjónustu, EES-reglur), 511. mál. Umhverfisstofnun hefur tekið frumvarpið til skoðunar og hefur eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Umhverfisstofnun vill ítreka mikilvægi þess að frumvarpið verði að lögum á yfirstandandi þingi.


Eins og fram kemur í frumvarpinu er tilefni lagasetningarinnar að kveða á um gjalddöku á þá sem nýta vatnsauðlindina í miklu mæli eins og gert er ráð fyrir í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Gjaldtakan er gerð í samræmi við nytjagreiðsluregluna og mengunarbótaregluna og innleiðir þar með ákvæði um endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónust skv. 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB (vatnatilskipunarinnar). Breytingarnar eru því nauðsynlegur þáttur í að uppfylla ákvæði vatnatilskipunarinnar.

Þá er markmið gjalddökunarinnar að fjármagna hluta kostnaðar Umhverfisstofnunar við framkvæmd laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og mæta þannig hluta kostnaðar við að tryggja langtímavernd vatnauðlindarinnar og hindra frekari rýrnun vatnsgæða þannig að gæðum vatnsauðlindarinnar hraki ekki. Stofnunin vill taka fram að þó fjármagnið fari til stofnunarinnar þá mun hún gera samninga við aðrar stofnanir varðandi ákveðna rekstrarhluta. Til að mynda Veðurstofu Íslands varðandi rekstur upplýsingakerfis, Veiðimálastofnun og Hafrannsóknarstofnun varðandi þætti sem heyra undir þær stofnanir. Markmiðið er að tryggja sem besta nýtingu fjármuna á hverjum tíma en verkefnið er langtíma verkefni sem mun taka breytingum.


Í frumvarpinu er farin sú leið að miða gjalddöku við nokkuð nákvæm gögn sem liggja eigi fyrir. Umhverfisstofnun hafði gert tillögu um að fyrirtækjum yrði skipt í grófari gjalddökuflokka til að einfalda innheimtakerfið enda krefst gjaldtaka sem byggð er á slíkri nákvæmni nokkurs kostnaðar hjá fyrirtækjum við að halda slíkar nákvæmar skráningar.

Stofnunin telur mjög mikilvægt að frumvarpið verði að lögum á þessum þingi en fjármunir til handa framkvæmd laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála úr ríkissjóði hafa farið minnkandi eins og gert er grein fyrir í frumvarpinu og fyrir vikið hafa framkvæmdir í vatnamálum gengið mjög hægt. Það er því ljóst að hagsmunir Íslands af því að frumvarpið verði að lögum eru miklir en mikilvægt er að Ísland geti sýnt með gögnum sem eru sambærileg milli ríkja hver séu

raunveruleg gæði vatns á Íslandi. Hafa ber í huga að lög um stjórn vatnamála eiga að tryggja langtímavernd vatnsauðlindarinnar sem við byggjum okkar stærstu atvinnuvegi á eins og orkuframleiðslu, fiskveiðar og vinnslu, ferðamannaíðnað og matvælaframleiðslu.


Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri

Virðingarfyllst


Hilda Guðný Svavarsdóttir
Lögfræðingur



Nefndasvið Alþingis — Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Dags. 24.2.2015
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2015-61
0.5


Með erindi dags. 9. febrúar sl. óskaði Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um breytingu á lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, með síðari breytingum (gjaldtaka vegna vatnsþjónustu). Þingskjal 888 – 511. mál.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Með lögum um stjórn vatnamála var vatnatilskipun Evrópusambandsins innleidd. Hún er eitt víðfeðmasta regluverk sem innleitt hefur verið í íslenskan umhverfisrétt. Markmið laga um stjórn vatnamála sem tekur mið af vatnatilskipuninni er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnsvistkerfa og votlendis, sem beint eru háð vatni, til að vatn njóti heildstæðrar verndar. Eigi slíkt markmið að nást þarf að leggja mikla vinnu í gagnaöflun, kortlagningu og greiningu á vatni og vatnshlotum, auk viðeigandi eftirlits. Þar fyrir utan þurfa upplýsingarnar að vera aðgengilegar þegnum samfélagsins, s.s. almenningi, landeigendum, atvinnulífi og áhugamannasamtökum, svo þessir aðilar séu á hverjum tíma upplýstir um stöðu mála og þróun. Hver og einn þessara þátta er tímafrekur og kostnaðarsamur svo tryggja þarf fjármagn eigi að uppfylla markmiðin.

Í ljósi þessa lýsir Veðurstofa Íslands stuðningi við umrædda lagabreytingu.

Virðingarfyllt



Hafdís Karlsdóttir
staðgengill forstjóra VÍ